

# Sóknarfæri

Júní 2021

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Gleðilega  
sjómanna  
dagshátíð!



# Öryggið frammar öllu



Jóhann Ólafur Halldórsson  
ritstjóri skrifar.

Gjörvöll saga sjósóknar á Íslandi vitnar um að starf sjómanna er hættulegt og við höfum í gegnum tíðina þurft að sjá á bak mörgum góðum drengnum í sjóslysum. Auk heldur eru þeir margir sem hafa orðið fyrir varanlegu heilsutjóni í slysum í sjómennskunni og bera þess aldrei bætur. Þetta eru staðreyndir sem sífellt þarf að minna á, hamra á gildi öryggismála í störfum sjómanna, bæði þeirra sjálfra vegna og samfélagsins alls. Við eigum aldrei að líta svo á að umræðan um öryggismál, hvort heldur er á sjó eða landi, sé léttvæg. Hana ber alltaf að taka alvarlega, gera okkur grein fyrir hvað má betur fara og bæta úr. Sjómanna dagurinn er jafnan gott tækifæri til að beina kastljósinu að öryggismálum sjómanna og öðrum hagsmunamálum stéttarinnar.

Víst hefur margt tekið breytingum til batnaðar með árunum. Þó nú væri. Við sóttum sjóinn fyrr á tíð á bátum sem engan veginn voru undir það búnir að mæta veðurofsanum og sjóganginum í sínum mesta ham. Við breytum ekki veðrinu en eitt af stórum framfaraskrefum síðari ára eru veðurspár og veðurupplýsingar sem gera sjófarendum kleift að

forðast válynd veður. Í nútímanum eiga snögg veðrabrigði ekki að koma mönnum að óvörum. Þetta er í eðli sínu mikið öryggismál.

Þróun í skipaflotanum er einnig veigamikill þáttur í þróun öryggismála sjómanna. Fiskiskipaflotinn hefur verið að yngjast á síðari árum og það er mikið fagnaðarefni. Hér í blaðinu er til að mynda fjallað um nýjasta skip flotans, Bórk NK-122, sem er að bætast í flota Síldarvinnslunnar hf. og er eitt allra öflugasta uppsjávarskip á norðurslóðum. Þetta skip og önnur sem við höfum fengið í skipastólinn síðustu ár undirstrika áherslu útgerðanna á endurnýjun skipa með betri aðbúnað áhafna, betri vinnuástöðu og bestu aflameðferð að leiðarljósi.

Tækin og tólin skipta máli en það sem er allra mikilvægast er fræðslan og hugarfar sjómanna. Með tilkomu Slysavarnarskóla sjómanna á sínum tíma og stóraukinnar áherslu á umræðu um öryggismál hefur líkast til stærsta skrefið verið stigið í öryggismálum. Skólinn var heillaspor, líkt og formaður Sjómanna sambands Íslands segir í viðtali hér í blaðinu. Þar er hins vegar réttilega bent á að fækkun í áhöfnum

skipa hlýtur að eiga sér mörk þegar kemur að öryggismálunum. Það þarf ekki að ræða lengi við starfandi sjómenn til að heyra að þeir hafa áhyggjur af því að gengið hafi verið of langt í fækkun áhafna skipa síðari ár og sú skoðun þeirra er fullkomlega skiljanleg að öryggi megi ekki ógna með of fáum mönnum um borð til að bregðast við þegar óhöpp verða. Öryggi hlýtur alltaf að vera öðrum hagsmunamálum ofar í sjósókn.

Það ber að gleðjast yfir því sem vel er gert og þeim árangri sem við höfum náð. Sjósókn verður aldrei hættulaus og engin skip svo örugg að ekki þurfi að halda vöku sinni hvað þennan þátt varðar.

Þó hátíðarhöld sjómanna dagsins verði ekki með sama hætti um allt land og venjulegt er þá fagna allir sjómenn deginum sem ber með sínu fólk. Sjómönnum og fjölskyldum þeirra eru sendar hátíðarkveðjur í tilfærni dagsins.

## Sóknaerfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



Útgefandi: Ritform ehf.  
Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).  
Umsjón, og textavinnsla: Ritform ehf.  
Hönnun og umbrot:  
Guðmundur Þorsteinsson - Guddli.  
Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir  
inga@ritform.is

Prentun: Landsprent  
Dreifing: Íslandsþóstur  
Forsíðumynd:  
Þorgeir Baldursson

Rafræn útgáfa á blaðinu er á [ritform.is](http://ritform.is) og [visir.is](http://visir.is)

Við erum líka á Facebook!



Gott til endurvinnslu



[www.audlindin.is](http://www.audlindin.is)

Gleðilega sjómanna dagshátíð!

Daglegar fréttir af  
íslenskum sjávarútvegi

**AUÐLINDIN**

Auglýsingasími 898 8022 - inga@ritform.is



# Gleðilega hátíð





# Skiptir öllu máli að það sé gaman á sjónum

Jón Sigurgeirsson, Jón Góa, byrjaði sinn sjómannsferil 17 ára gamall og fór sína fyrstu túra sem skipstjóri nú á vordögum



■ Jón Sigurgeirsson hefur fengið fjölbreytta reynslu á rúmum 20 árum í sjómennskunni.

„Mér finnst skipta öllu máli að það sé gaman á sjónum og létt yfir mönnum en vitanlega getur maður ekki verið brosandí allan daginn, alla daga! Ég trúí því samt að verkin vinnist alltaf betur ef það er gaman í vinnunni,“ segir Jón Sigurgeirsson, 39 ára gamall stýrimaður, fæddur og uppallinn Dalvíkingur sem hefur verið í sjómennskunni frá 17 ára aldri. Eins og svo margir byrjaði hann sem háseti, leiðin lá svo í Stýrimannaskólann og síðustu ár hefur hann verið fyrsti eða annar stýrimaður á bæði botnfisk- og uppsjávarskipum. Jón Góa, eins og flestir þekkja hann, hefur á sínum ferli fyrst og fremst verið á skipum Samherja en var síðustu mánuði stýrimaður á togskipinu Bergi VE sem fiskaði fyrir Útgerðarfélag Akureyringa nú fram undir sjómanna dag. Þar þróuðust mál þannig að Jón þurfti með skömmum fyrirvara að taka við skipstjórn síðustu túrana og þreyta sína frumraun sem slíkur sem hann segir hafa bæði verið sérstaka og ánægjulega tilfinningu. Næsta pláss Jóns Góa verður stýrimannsstaða á

**Oddeyrinni EA sem bætist í flota Samherja hf. á næstu vikum og verður fyrsta botnfiskskip Íslandssögunnar sem kemur með lifandi fisk að landi. Við spjöllum við Jón Góa um sjómennskuna.**

#### Fjölbreytt skip og ólíkur veiðiskapur

„Fyrstu kynni af sjómennsku hjá mér voru á netavertíð á bátnum Víði Trausta EA frá Hauganesi þar sem Ragnar Reykjalin var skipstjóri. Eftir þá vertíð fór ég aftur að vinna í fiski í stuttan tíma en fékk svo pláss á togaranum Björgvin EA á Dalvík þar sem ég var háseti í 8-9 ár,“ svarar Jón um upphaf sinnar sjómennsku. Þegar hann byrjaði á Björgvin var skipið enn á frystingu en síðari árin var það á ísfiski. Eftir árin um borð í Björgvin tók Jón ákvörðun um að fóta sig enn betur í sjómennskunni og lá leiðin í Stýrimannaskólann þar sem hann lauk námi rétt í þann mund sem þjóðfélagið stóð á öndinni vegna hruns bankanna.

„Næsta skip var Snæfellið EA þar sem ég var um fjögurra ára tíma, alveg magnadur tími. Síðan fór ég á fjölveiðiskipið

Kristina eitt sumar og eftir það var mér boðin staða 2. stýrimanns á Vilhelm Þorsteinssyni EA. Þar var ég allt þar til skipið var selt til Rússlands í lok árs 2019 en við sem vorum þar um borð fórum yfir á Margrétu EA. Þegar svo fór að stytast í komu nýja Vilhelms Þorsteinssonar EA fór ég á togarann Berg VE og var þar frá því í nóvember síðastliðnum allt þar til núna á dögnum. Og næst verður það svo staða 1. stýrimanns á Oddeyrinni EA sem vonandi verður tilbúin á veiðar þegar líður á sumarið,“ segir Jón þegar hann rekur helstu skip sem hann hefur verið á síðustu ár. Hann segist fjærri því með sjómennskuna í blóðinu því í nærfjölskyldunni sé það aðeins móðurbróðir hans sem sé vélstjóri. „Ég átti mér enga sérstaka drauma um sjómennsku en áhuginn kviknaði við að fylgjast með þessum körlum þegar þeir voru að koma í land á Dalvík þegar ég var barn og unglíngur. Maður var að þvælast við höfnina og leit upp til þeirra og auðvitað blundaði í manni að prófa að fara á sjó. Þess vegna lá beint við að grípa tækifærið

þegar það bauðst. Svo bara æxlaðist þetta svona, ég fann mína fjöl á sjónum, menntaði mig og nýt mín í sjómennskunni.“

#### Uppsjávarveiðarnar eru skemmtilegar

Á rúmum tuttugu árum á sjó hefur Jón Góa kynnst botnfiskveiðum, uppsjávarveiðum, netaveiði, unnið og stjórnað á dekki, verið á frystingu, ísfiski og gegnt bæði hlutverki stýrimanns og skipstjóra. Skipin hafa verið stór og smá. Hann segir erfitt að gera upp á milli hvað veiðiskapurinn varðar. Allt hafi þetta sína kosti og galla.

„Ég verð samt að viðurkenna að það er alltaf gaman að sjá eitthvað yfir 100 tonninn og mikinn afla eins og er í uppsjávarveiðinni. Hún er mjög skemmtileg og gaman að spreyta sig á nóttinni. En heilt yfir þá skiptir það mig engu máli hver veiðiskapurinn nákvæmlega er. Sjómennskan er mín vinna, mitt lífsstarf og ég vinn þau verkefni sem mér eru falin og ég fæ tækifæri til. En vitanlega eru dagararnir í sjómennskunni misjafnir. Það er stórkostlegt að vera á sjó í góðu veðri á sumrin en vitanlega líka best



# Sjómenn

Sendum ykkur  
og ykkar fjölskyldum,  
hamingjuóskir í tilefni  
sjómanna dagsins.

Peir kröfuhörðu velja

**OPTIM**  **ICE**®

ísþykkniþúnað og forkæla

**KAPP** ehf

THE OPTIMICE COMPANY



að geta verið heima með fjölskyldunni á slíkum dögum. Svo eru það líka dagarnir þegar veður eru slæm. Þeir taka verulega á skrokkinn. En ég hef verið svo lánsamur að flest þeirra skipa sem ég verið á hafa verið stór og góð sjóskip. Bergur VE hreyfðist reyndar mjög mikið þannig að það tók dálítið á að vera á honum. Þó ég hafi ekki verið sjóveitur þá er það nú staðreynd að þrautreyndir sjómenn geta alveg fundið fyrir sjóveiki þegar þeir fara á skip sem hreyfast mikið,” segir Jón og bætir við að það sé gaman að hafa fengið að kynna svona mörgum og ólíkum skipum. „Kristína var gríðarlega stórt skip og gamli Vilhelm Þorsteinsson er eftirminnilegur sem mjög gott sjóskip. En akkúrat núna er ferskast í minni veltingurinn á Bergi VE í veðrunum síðustu mánuði,” segir Jón og hlær dátt.

#### Sefur á daginn – vakir á nóttunni

Fyrir þá sem ekki þekkja þá er hlutverk 2. stýrimanns að stjórna sinni vakt á dekki og því er hans starfsvettvangur ekki í brú, eins og margir kynnu að halda út frá starfsheitiinu. Aftur á móti er 1. stýrimaður sá sem leysir skipstjórn af í brúnni.

„Fyrsti stýrimaður stendur þannig vaktina í brúnni þegar skipstjórnir sefur. Næturskipstjóri má allt eins kalla hans stöðu,” segir Jón og svarar því aðspurður um hæl að honum falli vel að vinna á nóttunni og sofa á daginn. „Þetta hentar mér mjög vel en ég viðurkenni samt að með árunum finnst mér alltaf verða erfiðara að snúa ofan af þessu þegar ég kem heim í frí. Það þarf nokkra daga til að rétta kúrsinn af aftur,” segir Jón.

Hann segist þá hugsun aldrei hafa sótt á sig að betra væri að snúa sér að einhverju öðru starfi en sjómennskunni.

„Reyndar var langur óveðurskafla í vor þegar ég var á Bergi VE sem tók verulega í. Óveðursdagarnir á sjó taka sinn toll. En þá er það einmitt samheldnin í áhöfninni, lífsgleðin og bjartsýnin sem hjálpa manni. Ekki síst ef túrarnir eru langir.”

#### Þekking á öryggismálum mikilvæg

Öryggismálum sjómanna er ætíð gert hátt undir höfði í tengslum við sjómanna daginn og víst er að það er sameiginlegur árangur allra hlutaðeigandi hverju menn hafa fengið áorkað á síðari árum í fækkun slysa og dauðsfalla á sjó. Jón segir öryggismálin alltaf ofarlega í huga sjómanna.

„Þetta er þáttur sem undantekningarlaust hefur verið í mjög góðum farvegi á öllum þeim skipum sem ég hef verið á. Auðvitað mættum við eflaust halda æfingar enn oftar en við gerum almennt en það er alveg ljóst að sú þekking sem við sjómenn höfum fengið í gegnum námskeið Slysavarnaskóla sjómanna hefur skipt gríðarlegu máli. Ekki bara í starfinu úti á sjó heldur almennt í daglegu lífi. Það er til dæmis ekki langt síðan að ég þurfti að ná hluta úr leikfangi sem sat fast í hálsi á ungum syni mínum og þar kom sér sannarlega vel sú grunnþekking sem ég hafði fengið í skyndihjálp á námskeiðunum,” segir Jón.


#### Góð tilfinning að bera skipstjóraábyrgðina

Þegar Jón er spurður hvort hann hafi sett sér markmið um hversu langt hann ætli sér að ná í þessu starfi í framtíðinni er hann fljótur til svars. „Nei, þannig hugsa sé ég ekki. Ég er þakklátur fyrir það sem mér er trúað fyrir í sjómennskunni og svo kemur í ljós hvernig hlutirnir æxlast. Mér finnst einfaldasta reglan að gera hlutina og taka einn dag í einu,” segir hann en viðurkennir að það hafi verið góð reynsla og tilfinning að taka alfarið við skipstjórn á Bergi VE nú í vor þó aðeins hafi verið í stuttan tíma og fáa túra.

„Þetta er að sjálfsögðu mikil ábyrgð en fyrir mér er ekki mikill munur í sjálfu sér á því að vera 1. stýrimaður eða skipstjóri. Helsti munurinn er sá að sem skipstjóri hefur þú úrslitavald í ákvarðanatökum. Sumum þykir eflaust stressandi að finna þá ábyrgð sem þú berð sem skipstjóri á bæði áhöfn og skipi en einhvern veginn er ég þannig gerður að sú reynsla sem ég hef fengið í sjómennskunni á síðustu rúmum 20 árum nýttist mér vel. Mér fannst það



■ „Ég átti mér enga sérstaka drauma um sjómennsku en áhuginn kviknaði við að fylgjast með þessum körlum þegar þeir voru að koma í land á Dalvík þegar ég var barn og unglingur. Maður var að þvælast við höfnina og leit upp til þeirra og auðvitað blundaði í manni að prófa að fara á sjó,” segir Jón.



■ Brugðit á leik með með stýrimanninum Sigvalda Páli borleifssyni um borð í togaranum Kristina.



■ Síðustu mánuði hefur Jón Góa verið stýrimaður á Bergi VE og nú undir það síðasta fór hann sína fyrstu túra sem skipstjóri.

Mynd: Þorgeir Baldursson



■ Í netavinnu á dekkinu á Snæfelli.

þess vegna fyrst og fremst vera hrikalega gaman að takast á við þetta nýja hlutverk þó í skamman tíma hafi verið,” segir Jón.

#### Engir leynistaðir til í dag

Starfsvettvangur skipstjórnenda er hlaðinn tækjum og þeir fá miklar upplýsingar í gegnum búnaðinn um t.d. fiskileit, strauma, stöðu veiðarfæra í sjó, hegðun þeirra, innkomu á fiski og annað slíkt. Bæði þurfi skipstjórnendurnir að stýra veiðarfærunum en hafa einnig innsýn í uppsetningu veiðarfæra og velta fyrir sér með hvaða hætti uppsetningar á veiðarfærum geti fiskað betur. Þrátt fyrir alla tækni segir Jón það vera staðreynd að sumir skipstjórar fiski alltaf betur en aðrir.

„Breytingin frá fyrri tíð er samt sú að nú eiga menn sér engin leyndarmál um afla eða leynistaði á miðunum. Það er alltaf hægt að fletta upp hvar viðkomandi skip hefur verið að toga og hver aflinn hefur nákvæmlega verið. Það vita allir allt um alla. En menn hjálpast líka mikið að og upplýsingarnar berast milli skipanna um hvar er fiskirí og hvar ekki. Samvinnan í flotanum er góð,” segir Jón Góa að lokum.





## Leiðandi í nýsköpun fiskeldislausna

Linde hefur verið í farabroddi fyrirtækja í þróun á hágæða gas lausnum fyrir fiskeldi. Linde mun halda áfram að vera leiðandi í þróun tækni sem eykur virkni og sparar orku í súrefnisdreifingu. Með réttri súrefnisdreifingu í vatni má draga úr áhættuþáttum og auka öryggi eldis á mismunandi vaxtarskeiði. Linde getur boðið heildar súrefnislausnir og ráðgjöf, ásamt öflugum stuðningi frá háþróaðri fiskeldis tilraunastöð Linde í Álasundi í Noregi.





# Stofnun skólans var heillaspor

segir Valmundur Valmundsson, stjórnarmaður í Slysavarnaskóla sjómanna

■ Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands og stjórnarmaður í Slysavarnaskóla sjómanna: „Vissulega þarf að hagræða í rekstri en við megum ekki fórna góðum árangri í slysvörnum fyrir ásókn í aukinn gróða.“

„Ég tel að sjómenn geti seint fullþakkað þeim sem komu skólanum á fót árið 1985 en það hefur sannað sig að slysum og þá sérstaklega dauðaslysum hefur snar-fækkað. Það teljum við vera vegna bættrar fræðslu og þjálfunar sjómanna og um leið betri vitundar þeirra um að verja sig gagnvart slysum. Stofnun Slysavarnaskóla sjómanna var heillaspor,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands og stjórnarmaður í Slysavarnaskóla sjómanna sem Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur.

Samgönguráðherra skipar faglega fimm manna skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna til fjögurra ára í senn. Einn skal tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, einn af Félagi skipstjórnarmanna og þrír tilnefndir af Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Ráðherra skipar einn fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar formann skólanefndar. Meginhlutverk skólanefndar er að fjalla faglega um málefni og starfsemi Slysavarnaskólans, einkum varðandi tækjakaup og búnað hans, viðhald, framkvæmdir og áframhaldandi uppbyggingu. Skólanefnd gerir, að fenginni umsögn öryggisfræðslunefndar sjómanna, tillögu til stjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar um námskeiðahald, námskrá og lengd námskeiða á vegum skólans. Samgönguráðherra staðfestir síðan námskrá skólans.

#### Stórfeld fækkun alvarlegra slysa

Engin banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við strendur landsins á síðasta ári en það er sjöunda árið sem sú ánægjulega þróun á sér stað og fjórða árið í röð. Önnur ár, þar sem engin banaslys urðu við landið, eru 2008, 2011, 2014, 2017, 2018 og 2019.

„Sjómenn eru orðnir miklu meðvitaðri um slysavarnir og gæta meira að sínu nærumhverfi um borð og nota betur sinn öryggisbúnað. Því miður höfum við hjá Sjómannasambandinu staðið í ströngu við að verja störfin um borð en fækkun þeirra er satt að segja komin fyrir neðan öll velsæmis- og öryggismörk. Barna erum við ekki að tala um kjaramál sem slík heldur erum við fullvissir um að þessu fylgi stóraukið álag og þar með aukin hætta á að slysin banki upp á. Vissulega þarf að hagræða í rekstri en við megum ekki fórna góðum árangri í slysvörnum fyrir ásókn í aukinn gróða.“

Á árinu 2020 voru 58 slys skráð hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) en 57 atvik voru skráð á árinu 2019. Engin slys voru skráð hjá nefndinni á fiskibátum undir 20 brúttótonnum. Samkvæmt grófri samantekt voru algengustu slysin að verða á milli og klemmast eða 17 talsins. Önnur algeng slys voru m.a. fallslys af ýmsum toga, slys við vindur ásamt ytri áverkum s.s. skurðum og stungum ýmiskonar. Sjó skip sukku á árinuog átta atvik voru skráð þegar skip strönduðu eða tóku niðri en voru tólf árið 2019. Fjórar ásiglingar voru skráðar á árinu en voru tvær á árinu 2019. Tvö atvik eru skráð þar sem um eld um borð var að ræða og voru einnig tvö árið 2019. Á árinu 2020 voru aðeins 13 atvik skráð til rannsóknar vegna vélarvana skipa en voru 18 árið 2019 og 54 árið 2018.

#### Gúmmibátar og tilkynningaskylda

Valmundur segir að fjölmargir þættir aðrir en uppfræðsla sjómanna skapi þá ánægjulegu þróun að skipstapar og drukknanir eru nú mun minni en var á árum áður. Í þessu sambandi má t.d. nefna tilkomu gúmmi-

björgunarbátanna en þeir komu fyrst til sögu í íslensku skipi 12. apríl árið 1952 þegar sex skipverjar af vélbátum Veigu VE 291 björguðust í gúmmibjörgunarbáti. Þetta var í fyrsta sinn sem gúmmibjörgunarbátur bjargaði lífi íslenskra sjómanna.

„Þessi björgunarbúnaður breytti öllu en það voru forsjálar útgerðarmenn í Vestmannaeyjum sem fyrstir tóku þennan nýja búnað um borð. Önnur þáttaskil urðu svo þegar sjálfvirkur sleppibúnaður bátanna kom til sögunnar. Oft hefur gosið upp umræða um að sjómenn verði að geta treyst á öryggisbúnað um borð í bátum og skipum og það er auðvitað alveg rétt. Slíkur búnaður þarf að virka og hann verður alltaf að vera í fyrsta flokks ástandi. Einstaka fréttir um atvik þegar þessi ágæti búnaður klikkar mega hins vegar ekki verða til þess varpa rýrð og grafa undan tiltrú sjómanna á ótvíræðum kostum sjálfvirka sleppibúnaðarins. Ekkert skip fær haffærnisúrteini nema sleppibúnaðurinn hafi árlega verið prófaður en hann hefur bjargað fjölda mannlífa á íslenskum bátum og skipum. Um það verður ekki deilt,“ segir Valmundur.

Hann vísar síðan talinu að öðrum þáttaskilum sem urðu þegar tilkynningaskyldan kom til sögunnar. „Það mun hafa verið haustið 1968 sem síldarskipin ákváðu að gefnu tilefni að tilkynna sig einu sinni á sólarhring og stundum oftar. Tilefnið var þegar síldarbáturinn Stígandi ÓF fórst í júlímánuði árið 1967 um 180 sjómílur norður af Jan Mayen. Allir skipverjarnir, 12 að tölum, komust í gúmmibát og raunar álbát líka, en án þess þó að hafa haft talstöðvar-samband, þannig að enginn vissi af slysinu. Fundust þeir viku síðar eftir mikla leit en nokkrir dagar liðu frá slysinu áður en farið

var að leita að bátunum. Á þessum árum þurftu menn að tilkynna sig einu sinni á sólarhring en eftir að vélbáturinn Hellisey VE 503 fórst árið 1984 var ákveðið að skip þyrftu að tilkynna sig tvisvar á dag. Algjör bylting varð svo með nýrri tækni þegar sjálfvirka tilkynningarskyldan var tekin í gagnnið sem þýddi að þegar bátur hættir að senda staðsetningu sína fer ákveðið ferli strax í gang þar sem grennslast er fyrir um hann.“

#### Nýjum björgunarskipum fagnað

Síðast liðið sumar samþykkti ríkisstjórnin tillögu forsætisráðherra um áframhaldandi samstarf ríkisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um kaup á þremur nýjum björgunarskipum. Tillagan gerir ráð fyrir 150 milljóna króna árlegri fjárveitingu úr ríkissjóði í þrjú ár með fyrirvara um breytingar og samþykki Alþingis. Samhliða verði gert samkomulag við Slysavarnafélagið Landsbjörg um fjármögnun og viðhald björgunarskipanna til lengri tíma.

„Þetta eru afar ánægjuleg tíðindi fyrir sjómenn enda löngu kominn tími á björgunarskip Landsbjargar sem keypt voru notuð til landsins á sínum tíma. Þessi skip hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og eru ómissandi í björgunardeju við strendur landsins eða þegar skip lenda í nauðum úti á sjó. Ég fagna þessu framtaki stjórnvalda um leið og ég minni á nauðsyn þess að ráðast sem allra fyrst í kaup á fleiri björgunarskipum sem í dag teljast staðalbúnaður til björgunar, bæði á sjó og landi,“ segir Valmundur að lokum.

www.fiskt.is

# SJÓMENN

Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar, hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins



Fisktækniskóli Íslands  
Icelandic College of Fisheries



# Til hamingju með daginn sjómenn

Við þökkum samstarf liðinna ára og sendum sjómönnum og landsmönnum öllum heillaóskir í tilefni dagsins.

[marel.com](https://marel.com)



# Byrjaði ungur og er enn yngstur!

Bjarni Már Hafsteinsson skipstjóri á Guðrúnu Þorkelsdóttur

**Bjarni Már Hafsteinsson byrjaði ungur til sjós og er nú yngsti skipstjóri landsins á uppsjávarveiðiskipi. Hann stýrir Guðrúnu Þorkelsdóttur SU, sem er í eigu Eskju hf. á Eskifirði. Guðrún er eitt af þremur skipum Eskju en hin eru Aðalsteinn Jónsson og Jón Kjartansson. Skipið hefur að undanfögnu verið á kolmunnaveiðum við Færeyjar en Bjarni vonast til að fara með skipið á makrílveiðar fljótlega eftir sjómanningadag.**

Sjómennskan er Bjarna í blóði hans borin. Á Aðalsteini Jónssyni SU er Hafsteinn Bjarnason faðir hans yfirvélstjóri en hann hefur verið vélstjóri á skipum Eskju frá 1989. Á Jóni Kjartanssyni er Guðmundur Valgeir Hafsteinsson bróðir Bjarna einnig vélstjóri. Það hittir einkennilega á að þessir feðgar eru allir á sitthvoru skipinu hjá sömu útgerð.

Föðurafrí hans, Bjarni Stefánsson, var stórútgerðarmaður og vélstjóri. Hann rak útgerðarfélagið Friðþjóf á Eskifirði ásamt félögum sínum. Móðurafrí Bjarna er Guðmundur Valgeirsson, sem var útgerðarmaður og trillusjómáður frá Þingeyri við Dýrafjörð. Sjómannsblóðið í Bjarna nær því langt aftur í ættir.

## Byrjaði sem farþegi á Hólmaborg

„Það var í kringum 14 ára aldurinn sem ég byrjaði á sjó. Þá fór ég á Hólmaborgina sem farþegi fyrstu veiðiferðarinnar en ég fór alltaf með strákunum út á dekk,” segir Bjarni og heldur áfram.

„Einn góðan veðurdag spurði Þorsteinn Kristjánsson, sem á Eskju í dag og var skipstjóri á Hólmaborg á þeim tíma, hvort ég væri ekki til í að koma sem háseti næstu veiðiferð. Að sjálfsofðu var ég til í það og hef ekki getað slitið mig frá sjómenskunninni síðan. Þar var ég um borð næstu sumur

meðan ég var að klára grunnskólann. Það stóð ekkert annað til en að fara á sjóinn. Ég hef eiginlega ekki gert neitt annað um ævina. Ég byrjaði því nokkuð ungur í þessu og ég held að ég sé yngsti skipstjórinn í uppsjávarveiðunum í dag,” segir Bjarni.

## Víða farið til að afla reynslu

Hann hefur farið víða á ekki löngum ferli og aflað sér þekkingar og reynslu af togveiðum á botnfiski og veiðum á uppsjávarfiski, bæði í flottroll og nót.

„Eftir Hólmaborgina fór ég yfir á ísfisktogarann Hólmvatind. Þaðan lá leiðin yfir á togarana Sturlaug H. Böðvarsson og Ottó N. Þorláksson hjá HB Granda. Svo var ég eina loðnuvertíð á gamla Beiti, en þaðan fór ég yfir á Aðalstein Jónsson II, sem var frystiskip. Þá var ég 19 ára gamall. Ég kláraði Stýrimannaskólann árið 2009 og fór þá yfir á togarann Bjart hjá Síldarvinnslunni til að ná mér í réttindi. Við færðumst svo yfir á Barða þegar Bjartur var seldur. Þegar Barði var svo seldur fór ég í afleysingar í Vestmannaeyjum, var á Vestmannaey og Sindra. Á Guðrúnu Þorkelsdóttur hef ég svo verið síðan 2017,” segir Bjarni.

Bjarni segir að sér þyki skemmtilegra að vera á uppsjávarveiðum en á botnfiskveiðum á togurum. „Þá er minna verið að tuddast í manni fyrir að taka of stór hol.

Uppsjávarveiðin er breytilegri en á togurinum er svolítið mikið verið að toga á sömu slóðinni. Í uppsjávarveiðinni er meira verið að nota asdikið til að finna fiskinn.”

## Leiðinlegt veðurfar vestur af Írlandi

Bjarni fór sinn fyrsta loðnutúr í vetur með Guðrúnu Þorkelsdóttur og gekk mjög vel.

„Þetta var bara einn túr en úr honum skiluðum við hæsta hrognahlutfalli af skipum Eskju.



■ Bjarni Már Hafsteinsson er búinn að vera með Guðrúnu Þorkelsdóttur síðan 2017 og hefur gengið mjög vel.



■ Guðrún Þorkelsdóttir með loðnunótina á síðunni. Þeir fengu einn loðnutúr í vetur og skiluðu afbragðs hráefni.






# Frumkvöðlar í skipahönnun

Óskum sjómönnum, útgerðarmönnum  
og fjölskyldum þeirra til hamingju  
með sjómannadaginn


**NAUTIC**

Ármúli 1 // 108 Reykjavík  
Sími 5 400 515  
nautic@nautic.is  
nautic.is





■ Holin í uppsjávarveiðunum eru oft stór, upp í nokkur hundruð tonn í holi.



■ Flott kolmunnahol.

Annars höfum við verið á kolmunna í vetur og það kemur í ljós hort við förum á síld í haust.

Við vorum að sækja kolmunann í færeyska lögsögu í vetur en förum þó ekki eins langt og í fyrra, þegar við vorum vestur af Írlandi. Það er langt að sækja kolmunnann í febrúar, fullir þrjár sólarhringar aðra leiðina. Við förum ekki þangað í ár af því að

alltaf var verið að bíða eftir blessaðri loðnunni.

Sem var svo sem ágætt af því að þetta er sannkallað veðravíti þarna suðurfrá, oft 10 til 12 metra ölduhæð. Þetta eru náttúrulega bara úthafsveiðar í mikilli veiði og þú skellir þér ekkert inn á næsta fjörð í næstu brælu. En veiðin getur reyndar verið góð. Menn hafa lent í því að skipin fari á

ógnarhraða afturábak þegar að pokinn kemur upp á yfirborðið með þeim afleiðingum að hann hreinlega fari í tætlur en við höfum blessunarlega verið lausir við allt svoléiðis."

**Byrja fyrr á makrílnum**

Bjarni segir að sér finnist vera svipað magn á kolmunaslóðinni og undanfarin ár en

útlit sé fyrir að þeir fái að veiða svolítið meira af makríl en í fyrra. Nú verði byrjað að veiða hann eftir sjómanna dag, en í fyrra hófust þær um mánaðamótin júní-júlí.

„Það eru því næg verkefni framundan. Venjulega byrja veiðarnar vestan við Vestmannaeyjar og færast svo austur í Síldarsmuguna. Þar var fín veiði í upphafi vertíðarinnar í fyrra," segir Bjarni.

**NORTHROP GRUMMAN**  
Sperry Marine

**Navigat 200**  
Gýrókompás

**TR 30**  
Neyðartalstöð

**Tron SART**

**Tron 60**  
GPS EPIRB

**JRC**

**JMR-5400** Ratsjá

**SIMRAD**

SIMRAD  
**SU**  
SONAR

SIMRAD  
**ES**  
BREIÐBANDS  
DÝPTARMÆLIR

**Hytera**

**Hytera MD 785**

**Zodiac**  
Seacom 200

**JLN-652** Straummælir

Askalind 2  
201 Kópavogur


**Simberg**

Sími: 414-4414

www.simberg.is  
simberg@simberg.is

**KONGSBERG**





■ Það tók þrjá sérfræðinga aðeins tæpan mánuð að skilgreina og hanna nýtt kerfi fyrir uppsjávarvinnslu LVF á Fáskrúðsfirði.

## Nýtt uppsjávarvinnslu-kerfi hjá Loðnuvinnslunni stóreykur afköst

Loðnuvinnslan hf. á Fáskrúðsfirði hefur samið við Skagann 3X um hönnun, smíði og uppsetningu á nýju uppsjávarvinnslu-kerfi. Markmiðið með nýja kerfinu er að auka sjálfvirkni í vinnslunni á Fáskrúðsfirði og afköst um allt að 400 tonn á sólarhring eða sem svarar 70% aukningu miðað við núverandi afköst. Nýja kerfið er hannað til að framleiða hágæða vöru á sem hagkvæmasta hátt.

Frystihús LVF á Fáskrúðsfirði er sérhæft til vinnslu á uppsjávarfiski; loðnu, síld og makríl. Loðnan er heilfryst á markaði í Austur-Evrópu og Asíu en einnig eru hrogn unnin fyrir sömu markaði. Í tilkynningu frá fyrirtækjunum segir að þar sem uppsjávarvinnsla sé háð viðkvæmum ytri þáttum eins og árstíðabundinni auðlind þá sé mikilvægt að ná að nýta hana á réttum tíma og með réttum aðferðum.

### Mun meiri sjálfvirkni

„Tæknilausnir Skagans 3X eru því hannaðar til að viðhalda gæðum vörunnar og ná með því hámarksafrafakstri í vinnslu. Með þessum endurbótum verður fyrirtækið mun betur í stakk búið til þess að nýta auðlindina sem best á næstu vertíðum,“ segir jafnframt í tilkynningunni.

„Það skiptir miklu máli að geta unnið svona náíð með hönnuðum Skagans 3X eins og við höfum gert í þessu verkefni,“ segir Friðrik Mar Guðmundsson, framkvæmdastjóri LVF.

„Sérfræðipækning þeirra og reynsla okkar hefur skilað sér í lausn sem mun bæði auka sjálfvirkni og bæta framleiðslugetuna í uppsjávarfrystingunni hjá okkur.“

Nýja kerfið sem sett verður upp hjá LVF inniheldur pokakerfi, nýja plötufrysta sem fara afar vel með vöruna og sjálfvirkt bretta-kerfi. Búnaðurinn verður tengdur bæði vélum sem fyrir eru og nýjum búnaði frá öðrum framleiðendum, þar með töldum þjórkum sem auka enn sjálfvirkni-ina í frystihúsinu. Uppsetning kerfisins hefst 1. október og á að vera lokið 15. desember.

### Sérfræðingar í heildarkerfum í uppsjávarvinnslu

Skaginn 3X hefur mikla reynslu í hönnun og uppsetningu á stórum heildarkerfum fyrir uppsjávarvinnslu. Kerfi frá fyrirtækinu eru í notkun í uppsjávarvinnslum víða um heim. Það tók ekki langan tíma fyrir þrjá sérfræðinga fyrirtækisins að hanna kerfið fyrir LVF.

„Við gripum boltann og unnum hratt og vel með Fáskrúðsfirðingum. Við höfum sett upp kerfi

hjá LVF áður og það er því ánægjulegt að geta unnið með þeim áfram og boðið lausnir sem henta þeirra þörfum,“ segir

Ingvar Vilhjálmsson, svæðissölustjóri Skagans 3X.

„LVF teymið var mjög vel undirbúið þannig að það var auðvelt

og fljótlegt fyrir okkur að hanna kerfið,“ segir Ingvar en sem kunnugt er hefur Skaginn 3X framleitt uppsjávarvinnslu-kerfi á

undanförnum árum í vinnslur víða í heiminum.



■ Samningar í höfn milli Loðnuvinnslunnar hf. og Skagans 3X. Frá vinstri: Þorri Magnússon, framleiðslustjóri Loðnuvinnslunnar, Friðrik Mar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Loðnuvinnslunnar, Ingvar Vilhjálmsson, svæðissölustjóri Skagans 3X, Steinþór Pétursson, skrifstofustjóri Loðnuvinnslunnar, Einar Brandsson, söluhönnuður Skagans 3X og Rúnar Björn Reynisson, vélhönnuður Skagans 3X.





PELTOR™

**3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI**

**TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA**

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfishljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífinn útilokar allan umhverfishávaða.





# EcoFishBox – umhverfisvænar umbúðir fyrir fisk



■ Ferskur fiskur kominn á leiðarenda í fiskbúð erlendis í EcoFishBox kassa frá Stora Enso.

**EcoFishBox™**  
by Stora Enso

**Stora Enso**

Haraldur E. Jónsson, sölustjóri á Íslandi  
haraldur.e.jonsson@storaenso.com  
Sími 897 8802  
storaenso.com/ecofishbox



■ Hægt er að fá vélbúnað frá Stora Enso sem brýtur kassana sjálfvirktt upp úr pappaspjöldum fyrir notkun.

**Stora Enso býður nú á markaði hér á landi EcoFishBox umbúðir fyrir fiskiðnað í öllum stærðum og gerðum. Um er að ræða lausnir sem bæði eru endurvinnanlegar og umhverfisvænar. Stora Enso er eitt af leiðandi fyrirtækjum í heiminum í endurnýjanlegum lausnum á umbúðum, pappír, lífefnum og timburafurðum. Í þessu sambandi má nefna að Stora Enso framleiddi nýtt hús Hafrannsóknastofnunar við Hafnarfjarðarhöfn. Hjá fyrirtækinu starfa 23.000 manns í 30 löndum og er framleiðsla Stora Enso seld til yfir 50 landa.**

## Verðlaun fyrir vistvæna framleiðslu

„Lykilhugtak í allri starfsemi Stora Enso er sjálfbærni og umhverfisvernd enda hefur fyrirtækið á undanförunum árum fengið stór verðlaun fyrir þær áherslur sem það leggur til grundvallar í sinni starfsemi. Þetta er því mjög þekkt fyrirtæki á heimsvísu og einmitt þess vegna má treysta því að lausnir þess á umbúðasviðinu sem öðrum eru í hæsta gæðaflokki,“ segir Haraldur E. Jónsson, sölustjóri Stora Enso á Íslandi.

## Hagkvæmir flutningar – minna kolefnisspor

Kassarnir frá Stora Enso sem Haraldur

hefur verið að kynna í íslenskum sjávarútvegi að undanförunu heita EcoFishBox. Þá er hægt að framleiða í þeim stærðum og gerðum sem hver og enn viðskiptavinur þarfnast. Kassarnir uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til matvælaframleiðslu og má í því sambandi nefna að meðal stærstu notenda EcoFishBox í dag eru finnsk fiskeldisfyrirtæki. Hægt er að útfæra útlit kassanna og áprentanir eins og viðskiptavinir óska. Þar sem kassarnir koma ósamsettir til viðskiptavina frá verksmiðju Stora Enso næst mikil nýting á rými í flutningum, með tilheyrandi hagkvæmni og minna kolefnisspori en Stora Enso býður einnig sjálfvirkan búnað til að brjóta kassana upp fyrir notkun, sem og kælingarlausnir. Og þegar fiskafurðir eru síðan komnar á leiðarenda til viðskiptavina fara umbúðirnar í hefðbundið endurvinnsluferli.

## Leysir frauðplastkassana af hólmi

Viðskiptavinir Stora Enso leitast eftir að draga úr notkun á plasti sem sýnir að sjálfbærni er þeim mikilvæg. Með þróun EcoFishBox umbúðanna var markmiðið að hjálpa fiskiðnaðinum að skipta úr plastumbúðum yfir í umhverfisvænar lausnir. EcoFishBox eru vatnsheldar umbúðir sem eru aðallega úr endurnýjanlegu efni og

■ Pappakassarnir eru endurvinnanlegir eftir notkun. Gerðar hafa verið margar prófanir að undanförunu með flutning á ýmsum hvít-fiskafurðum frá Íslandi sem undantekningalaust hafa gengið vel.

skilja eftir sig um að minnsta kosti 40% minna kolefnisspor en frauðplastkassar. Fyrstu fyrirtækin hér á landi til að taka EcoFishBox umbúðir í notkun í stað frauðplastkassa voru Premium of Iceland ehf. í Sandgerði og Fisherman ehf. á Suðureyri. Haraldur segir það einungis tímaspursmál hvenær enn stærri framleiðendur fiskafurða stígi skrefið til fulls enda hafi margir framleiðendur í fiskiðnaði hug á að gera breytingar hvað umbúðirnar varðar. Með EcoFishBox sé kominn raunhæfur valkostur.

„Með órofinni kælikeðju alla leið, t.d. í flutningum á fiskafurðum með gámum líkt og er að verða algengast hér á landi, þá sjáum við að kæling fiskafurðanna í EcoFishBox kössunum er bæði fyrsta flokks og jöfn. Það er því algjörlega vandalaust að flytja fisk í pappakössum í gámum. Hitt atriðið sem margir spyrja um er hvernig EcoFishBox kassarnir falli að

þeim þökkunarlinum sem stórir fiskframleiðendur eru með. Svarið er að við getum aðlagð kassana öllum þeim stærðum og þökkunarlinum sem þörf er á. Einn af stóru ávinningunum fyrir framleiðendurna er að EcoFishBox taka sjö sinnum minna rými í flutningum til þeirra og sjö sinnum minna geymslurými en frauðkassar. Það eru mikilvæg atriði,“ segir Haraldur.

## Kröfur á öllum sviðum

Gerðar hafa verið prófanir á notkun EcoFishBox kassans hjá mörgum stórum fiskframleiðendum hér á landi sem Haraldur segir hafa gengið vel. Þannig hafi umbúðirnar verið prófaðar fyrir bæði lax og hvítfisk, þökkun á þorkshnökkum með flöguis, með gelmottum, kælipokum og svo framvegis.

„EcoFishBox uppfyllir kröfur og reglugerðir um flutning og meðferð matvæla, vottanir, rekjanleika og önnur atriði sem krafist er. Með því að skipta yfir í endurvinnanlegar pappambúðir getum við Íslendingar stigið stórt skref til þess að draga úr plastnotkun og minnkað kolefnisspor útflutnings sjávarafurða, stuðlað að endurvinnslu umbúða og aukið hagkvæmni í flutningum,“ segir Haraldur E. Jónsson, sölustjóri Stora Enso á Íslandi.

## Umbúðir þar sem mætast umhverfisvernd og rekstrarhagræði

segir Elías Guðmundsson hjá Fisherman ehf. á Suðureyri

„Við höfum notað EcoFishBox umbúðirnar í eitt ár og reynsla okkar er mjög góð,“ segir Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fisherman ehf. á Suðureyri en fyrirtækið framleiðir fiskafurðir fyrir neytendamarkað, fyrst og fremst innanlands. Það sendir um allt land, bæði til verslana, stóreldhúsa og annarra fyrirtækja. Afurðirnar eru fjölbreyttar, bæði ferskar vörur og frosnar.

„Ástæðan fyrir vali á þessum umbúðum er sú áhersla okkar að lágmarka alla plastnotkun í rekstrinum eins og hægt er og stuðla þannig að umhverfisvernd. Við sjáum líka ákveðið rekstrarhagræði af notkun pappakassanna frá Stora Enso, jafnvel þótt við höfum áður notað

margnota plastkassa. Þessi lausn kemur einfaldlega mun betur út þegar upp er staðið,“ segir Elías en fyrirtækið notar 10 kílóa EcoFishBox kassa. Fisherman er einnig að fá vél frá Stora Enso sem sér um að brjóta kassana upp úr pappaspjöldunum sem framleidd eru hjá Stora Enso í Svíþjóð. Ferlið er því einfalt og þægilegt.

Elías segir viðskiptavinir Fisherman hafa tekið nýju umbúðunum vel. „Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með þessa breytingu enda finnum við að áhugi er almennt að aukast á að umbúðir verði endurvinnanlegar. Margir leggja áherslu á að losna við plast út úr sínum rekstri og EcoFishBox umbúðirnar eru svar við því,“ segir Elías.



■ Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fisherman ehf. á Suðureyri segist skynja verulega aukinn áhuga viðskiptavina fyrirtækisins á umbúðum sem séu endurvinnanlegar. Reynslan af EcoFishBox sé góð.





■ Gylfi Þór Markússon, framkvæmdastjóri Premium of Iceland. Um 60% útflutnings fyrirtækisins fara til viðskiptavina í pappakössum í stað frauðplastskassa áður.



# Umbúðirnar skiluðu nýjum viðskiptavinum

„Upphafið að notkun EcoFishBox frá Stora Enso hjá okkur var að ég var að leita að frauðplastkassa til að pakka tveimur fiskflökum í hvern kassa yfir viðskiptavinum okkar í Evrópu. Þessi lausn reyndist ekki til á Íslandi en Stora Enso var tilbúið að hanna með okkur útfærslu af vatnsheldum pappakassa. Í stuttu máli fór það þannig að þegar viðskiptavinir okkar fengu kassann í hendur þá urðu þeir stórhvifnir bæði af umbúðunum, útliti þeirra, endurvinnslumöguleikanum og öðrum kostum pappakassanna. Við fengum líka nýja viðskiptavinum til okkar sem sáu þessa umbúðalausn og vildu geta státað af því að kaupa gæðafisk frá Premium of Iceland í þessum umbúðum. Við höfum dæmi um stórmark-

að sem kom í viðskipti hjá okkur til að geta sýnt afurðirnar okkar í þessum fallegu umbúðum í versluninni. Það má því segja að umbúðirnar hafi stutt vel við ímynd okkar sem framleiðendur hágæða fiskafurða frá Íslandi og hjálpað okkur að selja fiskinn,“ segir Gylfi Þór Markússon framkvæmdastjóri Premium of Iceland ehf. Fyrirtækið hefur á þremur árum byggt upp sterkan markað fyrir ferskar fiskafurðir í Evrópu og er stærsti markaðurinn í Frakklandi en einnig t.d. í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Fyrirtækið er með vinnslur í Sandgerði og Keflavík en það flytur bæði út afurðir úr hvítfiski og eldislaxi.

Að stærstum hluta hefur Premium of

Iceland flutt sínar afurðir út í órofinni kælikeðju í gámum en einnig með flugi.

„Þetta verkefni hefur gengið frábærlega vel frá því við tókum EcoFishBox fyrst inn til okkar og nú erum við að vinna að því með Stora Enso að útfæra fleiri gerðir af kössum. Við höfum því mjög góða reynslu af þjónustu fyrirtækisins bæði hér á landi og í Svíþjóð,“ segir Gylfi Þór. Hann segir að um allan heim vilji fólk tengja sig aukinni umhverfisvernd, endurvinnslumöguleikum, minna sótspori og þannig má áfram telja.

„Viðskiptavinum þykir mjög mikilvægt að umbúðirnar séu endurvinnanlegar og fagna því að hafa þann kost að geta valið afurðir sem ekki eru í frauðplastumbúðum. Síðan eru dæmi um markaði þar sem

kaupendur hafa enga möguleika til að losa sig við frauðplastumbúðir og taka því þess vegna fegins hendi að geta nú keypt fiskafurðir í pappakassum. Breytingar í þessum málum eru hraðar í heiminum og við getum staðið frammi fyrir því á stórum mörkuðum innan skamms tíma að frauðplastumbúðir verði bannaðar. Þá er gott að stíga skrefið í tíma og skipta yfir í umbúðir sem eru endurvinnanlegar. Ég held að frauðplastíð í umbúðum sé á útleið. Spurningin er bara á hversu löngum tíma það gerist,“ segir Gylfi Þór Markússon, framkvæmdastjóri Premium of Iceland.



## Stólpi Gámar fyrir atvinnulífið



### Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannastöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)



**Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagördum 5 | 104 Reykjavík



ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2021 og SJÁVARÚTVEGUR 2022

# Tvær stórsýningar fram undan í Laugardalshöll

Tvær stórar atvinnuvegasýningar eru framundan í Laugardalshöll á vegum fyrirtækisins Ritsýnar ehf. Annars vegar er um að ræða sýninguna ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2021 sem verður dagana 8.-10. október og hins vegar sýninguna SJÁVARÚTVEGUR 2022 sem verður dagana 28.-30. september 2022. Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Ritsýnar ehf., segir undirbúning sýninganna í fullum gangi og að mikil ásókn sé í sýningarrými á báðum sýningunum.

## Fjölbreytt landbúnaðarsýning í haust

Sýningin ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2021 er haldin í samvinnu við Bændasamtök Íslands en sýning með sama sniði var haldin árið 2018 og þótti takast einstaklega vel, að sögn Ólafs. Markmið sýningarinnar nú í haust segir hann líkt og síðast að kynna fjölbreytni íslenskrar landbúnaðar og hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu. Sýningin verður jafnframt öflugur kynningarvettvangur þjónustufyrirtækja í landbúnaði og geta bændur og aðrir gestir kynnt sér á sýningunni það nýjasta í tækjum og tólum, hvers kyns rekstrarvörur fyrir landbúnað og annað sem þjónustufyrirtæki hafa að bjóða fyrir atvinnugreinina. Ört vaxandi ferðaþjónusta í sveitum landsins og þjónusta við þá uppbyggingu mun einnig verða áberandi á sýningunni og þannig mætti áfram telja.

„Það er mikill áhugi og eftirspurn frá sýnendum og margir nýir sýnendur sem bætast við frá því sem var á landbúnaðarsýningunni árið 2018. Þjóðfélagið er augljóslega með hverjum deginum að lifna við og við finnum mikla tilhlökkun hjá öllum að gera þennan viðburð sem glæsilegastan. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sýningin verður mjög fjölbreytt



■ Sýningin ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2021 verður í Laugardalshöll dagana 8.-10. október og mun endurspegla mikla fjölbreytni í landbúnaði og þjónustu við greinina.



■ Ritsýn ehf. efndi til fjölsóttar sjávarútvegssýningar í Laugardalshöll árið 2019 og er undirbúningur nú kominn í fullan gang fyrir SJÁVARÚTVEG 2022 dagana 28.-30. september.

og áhugaverð,” segir Ólafur en samhliða sýningunni verður efnt til fyrirlestra af margvíslegum toga sem tengjast landbúnaði,

umhverfismálum og fleiru. Sýningarsvæðið verður bæði í söllum Laugardalshallar og á útisvæðum.

## Stefnir í kraftmikla sjávarútvegssýningu 2022

En það eru fleiri járn í eldinum hjá Ólafi og Ritsýn ehf. því hafinn er af

fullum krafti undirbúningur sýningarinnar SJÁVARÚTVEGUR 2022 í Laugardalshöll en hún er beint framhald af samnefndri sýningu haustið 2019. Ólafur segir að í ljósi þeirra góðu viðbragða sem sú sýning hlaut hafi strax verið ákveðið að næsta sýning yrði að þremur árum liðnum, haustið 2022.

„Við hlökkum mikið til enda er íslenskur sjávarútvegur í stöðugri framþróun og uppsveiflu. Sýningin mun endurspegla tækniþýtinguna í bæði útgerð og vinnslu fiskafurða, tækni þar sem íslensk fyrirtæki hafa verið í fararbroddi þróunarinnar. Sýningin í Laugardalnum mun svo sannarlega endurspegla þennan mikla kraft og fjölbreytileika,” segir Ólafur.

ritsyn.is



CURIO ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA  
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

CURIO  
PARTNER OF  
marel





**VIÐ GERUM  
ÚT Á GÓÐA  
ÞJÓNUSTU**



Héraðsprent

# FJARÐABYGGÐARHAFNIR

Mjóafjarðarhöfn  
Norðfjarðarhöfn  
Eskifjarðarhöfn  
Mjóeyrarhöfn  
Reyðarfjarðarhöfn  
Fáskrúðsfjarðarhöfn  
Stöðvarfjarðarhöfn  
Breiðdalsvíkurhöfn



**Gleðilega  
sjómannaðagshátíð!**



**FJARÐABYGGÐ**  
[www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)



# Með sjómennskuna og vélstjórnina í blóðinu

Grettir Ingi Guðmundsson, vélstjóri á Brynjólfi VE hefur mörgu kynnst á 40 ára sjómansferli



■ Grettir Ingi Guðmundsson, vélstjóri á Brynjólfi VE, hefur verið á sjónum í rúmlega 40 ár og segir alltaf jafn gaman þegar vel fiskast.

Mynd: Óskar Pétur Friðriksson

„Sjómennsku þekki ég frá blautu barnsbeini. Pabbi var sjómaður og vélstjóri, afi minn sömuleiðis en ég er fæddur og uppallinn til sex ára aldurs á Grímsstaðaholtinu í Reykjavík. Þá voru gömlu karlarnir með grásleppunetin og bátana á Ægissíðunni þannig að maður var í nálægð við sjóinn. Fyrst stalst ég á sjó 14 ára gamall á Sæbjörgu frá Hafnarfirði og þegar ég var 15-16 ára fór ég að róa á varðskipinu Alberti í síðustu ferðum þess. Svo var ég á vitaskipinu Árvakri en árið 1980 fluttist ég hingað til Vestmannaeyja og hef síðan alfarið verið á sjónum og kann því vel. Sjómennskan og vélstjórnin eru í blóðinu og einhvern veginn æxlaðist þetta svona þó að ég hafi ekkert endilega stefnt markvisst á sjóinn á sínum tíma,“ segir Grettir Ingi Guðmundsson vélstjóri á togskipinu Brynjólfi VE í Vestmannaeyjum.

## Byrjaði í vélstjórn hjá tengdaföður sínum

„Fyrst þegar ég kom til Vestmannaeyja vann ég í fiski. Svo vantaði menn á Suðurey VE þar sem tengdafaðir minn var skipstjóri. Ég var á þessum tíma mikið að grúska í bílum og einn daginn sagði tengdafaðir minn að nú kæmi ég um borð sem vélstjóri. Síðan þá hef ég verið í því starfi. Þetta var ekki flókin aðdragandi en auðvitað lá starfið svolítið vel fyrir mér,“ segir Grettir.

„Ég hef í gegnum tíðina mest verið á skipum Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, Ísfélagsins og Vinnslustöðvarinnar, hef verið á uppsjávarveiðum, togveiðum og netabátum þannig að maður hefur fengið að kynnst fjölbreyttum veiðiskap. Mest hef ég þó verið á netum og trolli, bæði á botnfiski og humri. Mesta vinnan er á netunum, þar eru mörg handtök, sama hvort það er mikið af fiski í netunum eða ekki. Og auðvitað eru menn alltaf glðari eftir því sem meira er af fiski í netunum, það er bara þannig. Netafiskurinn er betri í dag en var á árum áður, fyrst og fremst vegna þess að netin eru látin liggja styttra, landanir eru örari. Það gengur allt út á að auka gæðin. Fiskurinn kemur spriklandi í netunum þegar við drögum og fer næstum



■ Grettir er hér við brúna á Álsey ásamt elsta syni sínum, Herði Orra, og tengdaföður, Herði Jónssyni, en með honum hóf hann sína sjómennsku og réri í 20 ár.



■ Í sjógallanum um borð í Suðurey VE á fyrstu árum sínum í sjómennskunni.

því spriklandi í land. Þetta er þess vegna úrvals hráefni,“ segir Grettir. Aðspurður hvort hann sjái fyrir sér að netaveiðin muni með tíð og tíma víkja fyrir aukinni togveiði segir hann að alltaf verði að horfa til þess með hvaða hætti sé skynsamlegast og best að sækja fisk úr sjónum.

„Þetta er eilíf spurning sem sjálfsgagt er að spyrja sig á hverjum tíma. Á að taka fiskinn í net, í troll eða á línu? Inn í þetta spila til dæmis umhverfisáhrif veiða og sem dæmi eru þau mun meiri af trollveiðum en netaveiði. Stóra atriðið er samt alltaf gæði hráefnisins og við getum velt fyrir okkur hvort hvítiskur komi meira úr eldi í framtíðinni en frá veiðiskap eins og við þekkjum hann í dag. Fiskveiðar komandi kynslóða gætu orðið með talsvert öðrum hætti. Svo má líka hugsa sér að í auknum mæli muni þorskur verða veiddur og komið með hann lífandi að bryggju. Við getum gengið út frá því að

fiskveiðar munu þróast og breytast, sem er eðlilegt,“ segir Grettir.

## Skuttogari og netabátur í senn

Togari Brynjólfur VE, þar sem Grettir er vélstjóri í dag, á sér ekki hliðstæðu í íslenska flotanum. Togarinn var smíðaður árið 1987 á Akranesi og var lengstum gerður út sem rækjufrystiskip frá Þorlákshöfn og hét þá Gissur ÁR-6. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum eignaðist skipið árið 2006 og fékk togarinn þá nafnið Brynjólfur VE og var í framhaldinu breytt í Póllandi. Það sem markar Brynjólfi VE algjöra sérstöðu er að hann er bæði útbúinn sem hefðbundinn ferskfisktogari en líka sem netabátur. Netalúga er á síðu skipsins og þegar skipið er á þeim veiðiskap á vetrarvertíðinni er kassi í skutrennuni. Þetta er eini togarinn landins sem er svona útbúinn og má á vissan hátt segja að Brynjólfur VE sé nokkurs konar fjölveiðiskip.





SJÓMENN OG  
FISKVINNSLUFÓLK  
TIL HAMINGJU  
MEÐ DAGINN!

# UMBÚÐIR & MERKING ERU OKKAR FAG

**coolseal**  
SEAFOOD PACKAGING SYSTEM

## FERSKFISKKASSAR SEM ERU 100% ENDURVINNANLEGIR

CoolSeal kassinn er umhverfisvænn og því  
góður valkostur í stað frauðplastkassa

- *Hagkvæmari aðflutningur*
- *Betri nýting á bretti*
- *Betri nýting gáma*



Gámakassi, vélreistur  
með styrkingu í hornum  
skýr og góð prentun.

Nýr flugkassi, tvöföld langhlið  
sem tryggir meiri styrk og  
betri einangrun.



**Þöru**  
**Þöru**  
LÍMMIÐAPRENTUN

**SAMHENTIR**  
UMBÚÐALAUSNIR





■ Vélstjórinn Grettir fer fimfum höndum um tækin í vélarrúminu.

Mynd: Óskar Pétur Friðriksson

„Okkur gömlu körlunum um borð sem höfðum reynslu af því að vera á netaveiðum leist í byrjun ekkert á að það væri framkvæmanlegt að breyta skuttogara fyrir netaveiðar en þetta hefur gengið ágætlega,” segir Grettir. Jafnan er búnaðurinn fyrir netaveiðina settur í skipið í febrúarmánuði og verið á netaveiðum til loka mars. Oftast er þá skipt yfir á humartroll og síðan á fiskitroll þegar humarvertíðinni sleppir. En þarf vélstjórinn ekki að fara vel að og klappa búnaðinum í svona gömlu skipi til að halda öllu gangandi?

„Jú, það þarf að hugsa vel um búnaðinn til að þetta snúist. Báturinn er kominn til ára sinna og orðinn þreyttur á margan hátt en ef vel er hugsað um hann þá gengur þetta. Við róum þannig að við erum í helgarfríum aðra hvora helgi og stoppum stutt í landi milli túra. Þess vegna gefast fá tækifæri við bryggju til viðhalds og verður að sinna því jafnóðum úti á sjó,” segir Grettir.



■ Grettir er hér ellefu ára gamall að aðstoða föður sinn í málingarvinnunni um borð í Sæfaxa II. Snemma beygdist krókurinn.

### Lifnar alltaf yfir mönnum í fiskiríi

Mesta vinnan segir Grettir að sé á netaveiðunum og þurfi þá allar hendur á dekk. Hvort heldur er í verkefnum í vélarrúminu eða netadrættinum á dekkinu í mokandi fiskiríi þá segist hann hafa mjög gaman af starfinu og sjómenskunni.

„Já, ég veð bara að viðurkenna það þó maður sé búinn að vera svona lengi í þessu. Þegar veður er gott og mikið veiðist þá er gaman. Þá lifnar yfir manni og skiptir engu máli á hvaða veiðiskap maður er. Samt er þetta ólíkt umhverfi því sem var þegar ég var að byrja á sjó. Þá var mikið kapp milli báta og sjósóknin eins og íþróttakeppni. Þegar vel fiskast þá verða menn kappsamari og vita að það er meira upp úr vinnunni að hafa þó menn geti svo deilt um hvort eftirtekjan sé næg. En það er önnur saga og væri alveg efni í sérstaka grein,” segir Grettir og hlær. Og við höldum áfram að tala um ýmsa þætti sjómenskunnar.

„Sjómensknan hefur þróast í gegnum árin og það er margt með betri hætti nú en var áður, t.d. hvað varðar vinnuástöðu. Við höfum líka betri upplýsingar um veður og getum forðast að róa í mjög slæmum veðrum. Mín tilfinning er sú að veðrin séu alla jafna ekki eins slæm og var áður fyrr en vondu veðrin eru sannarlega slæm þegar þau koma. Veturinn í vetur var til dæmis nokkuð mildur en aftur á móti mjög lýjandi tíðarfar í fyrravetur og oft sem við vorum að fara út milli lægða til að leggja netin,” segir Grettir.



■ Bræðurnir Grettir Ingi og Óðinn Ari hafa róit saman á Brynjólfi VE í sex ár.

Mynd: Óskar Pétur Friðriksson

### Sjómannadagurinn skiptir máli

Grettir hefur komið að starfi sjómanna-dagsráðs í Vestmannaeyjum í gegnum árin og segir mikilvægt að halda daginn hátíðlegan og minna á hagsmunamáli sjómanna.

„Þetta er minnkandi stétt og æ fleiri í þjóðfélaginu sem ekki vita um hvað sjómennska snýst. Það þarf sífellt að halda umræðu um sjómenskuna á lofti, ræða öryggismálin og aðbúnað sjómanna. Sjómannadagurinn er tækifæri til þess. Vissulega eru skipin orðin betri en áður og sem betur fer er orðið minna um slys. Sem er jákvætt og um leið staðfesting á því að sjómenn eru meðvitaðri um öryggismálin og meira vakandi fyrir þeim málaflökki í sínum daglegu störfum. Útgerðin er líka farin að hugsa meira um slysavarnir í dag og að gera úrbætur þar sem líklegt er að menn geti orðið fyrir slysum við störf sín um borð. Það finnst mér vera mikil breyting frá fyrri tíð. Enda er það ekki síður hugar útgerðarinnar en sjómanna að slysum fækki á sjó,” segir Grettir sem þekkir slys í sjómenskunni af eigin raun. Hann klemmdi hendi í spili á sjó þegar hann var ungur maður og varð þá 50% öyrki. Einnig missti hann föður sinn þegar eikarbáturinn Sjóstjarnan KE-8 sökk árið 1973. Tíu sjómenn fórust í því slysi.

„Ég þekki því af eigin raun flestar hliðar sjómenskunnar og áföllin sem þessu starfi geta fylgt,” segir hann.

### Sjómensknan og fjölskyldulífið

Talinu vikur í lokin að þeirri breytingu sem orðin er á viðhorfinu gagnvart fjölskyldulífi sjómanna. Grettir segir þá þróun góða.

„Í dag eru kröfur um að sjómenn geti sinnt sínum fjölskyldum, tekið sér fæðing-arorlof eins og aðrir og þetta finnst mér jákvætt og rétt þróun. Þetta segi ég hiklaust út frá minni reynslu. Þegar ég fór á síld í gamla daga þá gat ég stundum verið að heiman upp í tvo mánuði í senn. Ég horfði á börnin mín vaxa og konan mín sá um uppeldið og heimilið. Fjarverur verða alltaf fylgifiskur sjómenskunnar en fjarskiptatækni í dag er mikils virði fyrir okkur sjómenn og færir okkur nær fjölskyldunni í landi. Það er mjög jákvæð breyting.“






## Markus Lifenet maður fyrir borð björgunarbúnaður

### Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktra framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigir og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



**Neyðarstigi í dekkbáta** með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.




### Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta

### Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



**Stök kastlína í kastpoka** fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðferðis á ferðalögum.







■ Borkur NK-122 í reynslusiglingu í Danmörku nú í lok maí áður en haldið var til Íslands.

Mynd: Stefán P. Hauksson

Nýr Borkur NK-122 til heimahafnar í Neskaupstað

# Í alla staði stórglæsilegt skip

segir Hjörvar Hjálmarsson, skipstjóri

Nú laust fyrir sjómannaðag kom nýtt uppsjávarskip Síldarvinnslunnar hf., Borkur NK-122, til heimahafnar í Neskaupstað. Skipið var smíðað hjá Karstensens Skibsværft skipasmíðastöðinni í Danmörku og er systurskip Vilhelms Þorsteinsonar EA sem kom til landsins í aprílmánuði. Skipið mun halda á makrílveiðar síðar í júnímánuði. Hjörvar Hjálmarsson, skipstjóri á Berki, segir allar prófanir skipsins í lok smíðatímans í Danmörku nú í maí hafa sýnt og sannað hversu gríðarlega öflugt og vel smíðað skip sé hér á ferð. Auk stærðar skipsins, búnaðar, aðbúnaðar áhafnar og vinnuástöðu segir Hjörvar að það sé ekki síst sú mikla áhersla sem lögð er á orkusparnað og umhverfisvernd sem skapa Berki algjöra sérstöðu.

#### Tvær aðalvélar

Borkur NK-122 er 89 metra langur, 16,6 metra breiður og getur borið rósklega 3.300 tonn af afla í 13 kælitönkum. Skipið er búið tveimur Bergen aðalvélum sem hvor um sig er 3600 kW. Þetta er nýmæli í skipum af þessari gerð en er mjög stórt atriði í rekstri og notkun því hugsunin er sú að á siglingum sé aðeins önnur aðalvélin keyrð. Um leið er þó nóg vélarafi til staðar þegar á þarf að halda á veiðum. Í þessu felst mikill olíusparnaður og um leið minni útblástur.

Aðalvélarnar og skrúfa, stýrisbúnaður og hliðarskrúfur koma frá Kongsberg Maritime sem og allar vindur- og stjórnkerfi skipsins en í skipinu eru 17 lágþrýstar tog- og hjálparvindur. Umboðsaðili Kongsberg hér á landi er Héðinn.



■ Tilhlökkun að leggja af stað með nýtt skip til heimahafnar í Neskaupstað. Hér eru skipstjórnarnir í stólunum, þeir Hjörvar Hjálmarsson [tv] og Hálf dán Hálf dánarson.

Mynd: Grétar Örn Sigfinnsson/Síldarvinnslan





# GLORÍAN

## *sem bylti flottrollsveiðum*

*Gloríu flottroll Hampiðjunnar voru þróuð  
í nánú samstarfi við íslenskar útgerðir,  
skipstjórnarmenn  
og sjómenn.*

*Á síðustu 32 árum  
hefur Hampiðjan  
framleitt og selt yfir þúsund Gloríur  
til útgerða í 28 löndum.*

## HAMPIÐJAN

– veiðarfæri eru okkar fag

[hampidjan.is](http://hampidjan.is)



Í brú Barkar NK er allt það nýjasta í tækni búnaði til siglinga, fjarskipta og fiskileitar. Að langstærstum hluta er um að ræða búnað frá Furuno sem Brimrún ehf. selur og þjónustar hér á landi en á stórum skjávegg sem Brimrún hannaði í brúnni hafa skipstjórnendur á hverjum tíma góða yfirsýn á öll þessi stjórnkerfi, myndavélakerfi skipsins, viðvörðunarkerfi og fleira.

Kranar, kraftblökk og nótaleggjari eru af gerðinni Triplex, mjög öflugt RSW kælikerfi fyrir aflatanka er í skipinu og fiskitælur frá Rapp. Ljósavél er frá Mitsubishi sem MD vélar eru umboðsaðili fyrir hér á landi.

Í Berki NK er aflanemakerfi með pokasjá, belgstykki, nótanemar og hleranemar með trolldaðsetningu frá Marport. Flottroll eru frá Hampiðjunni og toghlerar af gerðinni Twister.

Eins og gefur að skilja í jafn tæknilega búnu skipi er viðamikil tölvu- og netkerfi um bord en það er frá fyrirtækinu Mtech ehf. Skipið er málað með International skipamálningu sem Sérefni ehf. er umboðsaðili fyrir hér á landi.

#### Hvergi til sparað í smíðinni

„Þetta er í alla staði stórglæsilegt skip og virkar mjög vel. Við fórum í siglingaprófanir í Danmörku og prófuðum m.a. að kasta nót og mér fannst skipið mjög lipurt og meðfærilegt. Hér er allt mjög rúmgott um bord, aðbúnaður áhafnar og vinnuástandan eins og best verður á kosið og meðal annars togdekkið sem er mun stærra sem við höfum áður þekkt. Stórt togdekk til að vinna með trollið sem ekki er algengt á uppsjávarskipunum. Þetta gefur okkur færi á að gera meira við trollin um bord en við höfum getað hingað til,“ segir Hjörvar.

„Hvert sem við lítum hér um bord, hvort heldur það er skipið sjálf, útfærsla á vinnuástandi eða tækjabúnaðurinn þá sést vel að hvergi er til sparað í smíðinni. Ekki síst þegar kemur að meðferð aflans en skipið er búið mjög öflugum kælikerfum



■ Skipið er í alla staði mjög öflugt og vandað. Fyrsta verkefni þess verða makrílveiðar í sumar.

Mynd: Stefán P. Hauksson

fyrir aflann og miklu lestarrými. Öll hugsun í hönnun gengur út á að koma með eins gott hráefni í land eins og mögulegt er. Það er auðvitað aðalatriðið,“ segir Hjörvar.

#### Eyðslutölur sem ekki hafa sést áður

Eins og áður segir er það nýmæli í skipum af þessari gerð að búa þau tveimur öflugum aðalvélum en það þýðir að jafnvel með fullfermi dugar keyrsla á annarri vélinni til að halda 12-13 sjómílna siglingarhraða. Þetta hefur verið reyndin á þeim vikum sem systurskipið Vilhelm Þorsteinsson EA hefur verið við veiðar.

„Við erum því að sjá lægri eyðslutölur í þessum skipum en hafa áður sést í uppsjávarskipum. Að sama skapi erum við með tvöfalt kerfi í sjókælingunni á aflanum sem þýðir að okkur dugur að keyra litlar kælipressur til að viðhalda kælingunni eftir að stærrí pressurnar hafa kælt aflann að fullu niður. Í þessu felst mikill orkusparnaður og sómuleiðis í þeirri hönnun að nota

varmaorku frá vélunum til að hita skipið upp. Og síðast en ekki síst er skipið þannig búið að við komum til með að tengja það við landrafmagn þegar við komum til löndunar í Neskaupstað og notum því enga olíu til að landa. Orkusparnaður er á öllum sviðum og þess vegna vert að halda því á lofti að Borkur NK og Vilhelm EA eru vafalítið grænustu fiskiskip sem hafa verið smíðuð í þessum flokki, þó víða væri leitað. Þetta heyrur við líka frá starfsmönnum Karstensens skipasmíðastöðvarinnar í Danmörku. Við Íslendingar eigum að mínu mati hiklaust að halda því mun meira á lofti hversu mikla áherslu við leggjum í dag á orkusparnaðinn og umhverfisþáttinn í fiskiskipaútgærðinni,“ segir Hjörvar.

#### Mikil eftirvænting að hefja veiðar

Skipstjórinn er fljótur til svars þegar hann er spurður hvort ekki sé spenningur að halda á miðin með glænytt skip nú snemmsumar. „Jú, þetta er auðvitað svakalega spennandi.

Ég tók við gamla Berki NK ársögðum á sínum tíma þannig að þetta er fyrsta skipið sem ég tek við glænyju. Það er ekkert gefið að maður fái að upplifa slíkt á sínum skipstjórnarferli. En það var líka mikil upplifun að fá að taka þátt í öllu ferlinu frá hönnun skipsins og fylgja þessu eftir á smíðatímanum til enda. Karstensens Skibsværft er alveg einstök stöð með mikla þekkingu í skipasmíði og mikla snillinga inn-anborðs þannig að smíðatíminn hefur verið mjög ánægjulegur,“ segir Hjörvar. Verkefni Hjörvars og áhafnarinnar á nýja Berki NK hefjast með makrílveiðum og síðan tekur við síldarvertíð í haust. Og vonandi verður svo loðnuvertíð á sínum stað næsta vetur þar sem færi mun gefast til að þrautregna nýja skipið á nótaveiðum.

Skipstjóri á Berki NK á móti Hjörvari verður Hálfán Hálfánarson. Stýrimenn eru Leifur Þormóðsson og Óli Gunnar Guðnason og yfirvélstjórar þeir Hörður Erlendsson og Jóhann Pétur Gíslason.



Óskum sjómönnum og landsmönnum öllum til hamingju með daginn!

Góð aflameðferð er grunnur gæða



Við styðjum viðskiptavinum okkar til aukinnar verðmætasköpunar, matvælaöryggis og lýðheilsu






# Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

28. – 30. september 2022

Nánari upplýsingar veita:

**Ólafur, framkvæmdastjóri**  
olafur@ritsyn.is - 698 8150

**Inga, markaðsstjóri**  
inga@ritform.is - 898 8022



**ICELAND FISHING  
EXPO 2022**

**Sjávarútvegur 2022**



# Bestu vinnubrögð sem ég hef séð í skipasmíðum

segir Karl Jóhann Birgisson sem var eftirlitsmaður Síldarvinnslunnar hf. við smíði Barkar NK-122

Karl Jóhann Birgisson var eftirlitsmaður Síldarvinnslunnar hf. í Skagen í Danmörku frá því í október síðastliðnum og fylgdist með framgangi smíðinnar á hinu glæsilega uppsjávarskipi Berki NK-122 sem kemur til heimahafnar í Neskaupstað nú skömmu fyrir sjómannadag. Karl segir verkið hafa gengið vel þó vissulega hafi það tafist nokkuð frá upphaflegum áætlunum sem skýrist af Covid faraldrinum. Í hans huga er þó aðalatriðið að hér er að bætast í flota Síldarvinnslunnar og Íslendinga eitt allra öflugasta skip flotans.

## Mjög „græn“ skip

„Ég fór til Skagen þann 4. október og hef verið hér nánast alfarið síðan þá. Í raun má segja að ekki hafi orðið aðrar seinkanir á verkinu en þær sem skýrast af Covid faraldrinum svo að ekki er hægt að segja annað en verkefnið hafi gengið vel þrátt fyrir allt,“ segir Karl Jóhann en einnig voru yfirvélstjórnarnir á Berki NK, þeir Jóhann Pétur Gíslason og Hörður Erlendsson, mikið til í Skagen í vetur og allt til loka smíðinnar.

„Börkur NK og systurskipið Vilhelm Þorsteinsson EA eru gríðarlega öflug skip og eiginlega engu lík. Hér er allt mjög stórt, allt það nýjasta í búnaði um borð, góð vinnuaðstaða, sem og aðbúnaður áhafnar. Síðan er ýmsar nýjungar að finna í skipunum, sér í lagi þetta fyrirkomulag með tvær aðalvélar sem sýnir sig að sparar umtalsverða olíu. Þetta skilar auðvitað mikilli hagkvæmni í rekstri en ekki síst er þetta umhverfislegur ávinningur. Þetta eru mjög „græn“ skip,“ segir Karl Jóhann.

„Þessu til viðbótar má nefna nýjung á borð við sjálfvirkt þvottakerfi í lestum skipsins. Það er mjög flottur búnaður sem virkar vel. Svo er vitanlega allt það flottasta og besta í stjórnstækjunum í brúnni sem Brimrún ehf. á heiðurinn af,“ segir Karl Jóhann.

## Danirnir vildu fá gagnrýni

Karstensens Skipsværfatskipasmíðastöðin í Skagen í Danmörku hefur mikla reynslu í smíði uppsjávarskipa og ber Karl Jóhann mikið lof á samstarfið við hana.

„Stöðin byggir á gömlum merg því saga hennar spannar um 100 ár. Þetta er skipasmíðastöð sem hefur sérhæft sig á undanförunum árum í að byggja stór uppsjávarskip, t.d. fyrir Norðmenn, Skota, Íra og Svía. Þeir leggja mikla áherslu á að



■ Karl Jóhann Birgisson hefur undanfarna mánuði verið eftirlitsmaður með smíði Barkar NK-122 hjá Karstensens Skipsværfatskipasmíðastöðinni í Skagen í Danmörku. „Hér er allt mjög stórt, allt það nýjasta í búnaði um borð, góð vinnuaðstaða, sem og aðbúnaður áhafnar,“ segir hann.

virka kaupendur skipanna til samstarfs í hugmyndavinnunni og þannig segjast þeir hafa í gegnum tíðina náð að staðla margt í smíðinni og skapa sér ákveðinn „Karstensens standard“, ef svo má segja, í skipasmíðunum. Mér er minnstætt að á fyrsta verkfundinum sem ég sat í stöðinni með verkstjórum og yfirmönnum þá sagði æðsti verkstjóriinn að ég ætti að gæta mín á að vera gagnrýnn á þeirra störf, alla daga. Ég hrökk satt best að segja svolítið við en þeir bentu mér á að ef ég væri duglegur að gagnrýna þá hjálpaði það verkinu og skilaði betra skipi fyrir bæði kaupandann og stöðina. Þetta finnst mér mjög virðingaverð afstaða og mjög gott að finna að þeir sem vinna við smíðina leggja mikið kapp á að skila frá sér verki í hæsta gæðaflokki. Ég hef lengi komið að svona verkefnum, mest

þó viðhaldsverkefnum skipa, en þetta er langstærsta verkefni mitt á þessu sviði og án efa allra bestu vinnubrögð sem ég hef séð í skipasmíðum. Verklagið hjá Dönum er mjög skipulagt og markvisst. Börkur NK ber þess sannarlega merki,“ segir Karl Jóhann.

## Fyrsta siglingin ógleymanleg

Hlutverk eftirlitsmanns segir Karl Jóhann í grunninn felast í að fylgja því eftir fyrir hönd verkkaupans að smíði skipsins sé samkvæmt samningum.

„Ég gerði mér fljótlega grein fyrir því þegar ég hóf störf að ég gæti verið mjög rólegur með að öllum smíðalýsingum í verksamningum væri fylgt nákvæmlega af hálfu stöðvarinnar. Verkefni mitt og vélstjórnanna sem voru með mér í Skagen

voru því bæði að fylgjast með á smíðatím- anum og einnig að hafa áhrif á einstaka þætti þar sem við sáum að hlutir mættu betur fara, t.d. hvað varðar vinnuaðstöðu, innréttingar og fleira. Við nutum þess líka að vera skip númer tvö og gátum þess vegna gert minni háttar breytingar á hlutum frá því sem er í Vilhelm Þorsteins- syni EA þó að í öllum meginatriðum séu skipin eins,“ segir Karl Jóhann. Hann segir það hafa verið mikla upplifun að vera um borð þegar Börkur NK lagði upp í fyrstu reynslusiglinguna.

„Það var ólýsanleg stund. Ég hef verið til sjós og veit að við erum að fá í hendur mjög öflugt fiskiskip. En ekki síst fannst mér gaman að heyra hrifningu skipstjórnanna og áhafnarinnar allrar. Fyrstu kynnin af skipinu á sjó voru því mjög góð.“

## HIN HLIÐIN

# Eskfirðingur í húð og hár

Maður vikunnar byrjaði 13 ára að skera af skreið. Nú er hann fyrsti vélstjóri á Jóni Kjartanssyni SU. Hann segir spennandi að veiða loðnu í nót, brælurnar segir hann erfiðar og skrýtið að fást við eld í vélarrúmi. Maður vikunnar er fastur liður á sjávarútvegsvefnum audlindin.is

**Nafn:**  
Þorsteinn Snorrason.

**Hvaðan ertu?**  
Ég er Eskfirðingur í húð og hár.



## Fjölskylduhagir?

Ég er giftur Ingibjörgu Birgisdóttir og eigum við eina dóttur sem heitir Friðný María, tengdasoninn Anton Orra og köttinn Prins.

## Hvar starfar þú núna?

Ég er 1. vélstjóri á Jóni Kjartanssyni SU 111.

## Hvenær hófst þú vinnu við sjávarútveg?

Ég var 13 ára. Var þá að skera af skreið.

## Hvað er það skemmtilegasta

## við að vinna við íslenskan sjávar- útveg?

Þegar við erum að veiða loðnu í hringnót. Það er mest spennandi.

## En það erfiðasta?

Brælur.

## Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur lent í í störfum þínum?

Eldur í vélarrúmi.

## Hver eftirminnilegasti vinnufélagi þinn?

Það mun vera Guðni Þór Elísson.

## Hver eru áhugamál þín?

Fjölskyldan, skotveiði, tæki og tól.

## Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Kjötsúpa, lambalæri og rjúpur.

## Hvert færir þú í draumfríð?

Hawaii.

**AUÐLINDIN**

Maður vikunnar er fastur liður á audlindin.is





# Glæsileg landbúnaðarsýning í Laugardalshöllinni

**8. – 10. október 2021**

Nánari upplýsingar veita:

**Ólafur, framkvæmdastjóri**  
olafur@ritsyn.is - 698 8150

**Inga, markaðsstjóri**  
inga@ritform.is - 898 8022



**ÍSLENSKUR  
LANDBÚNAÐUR**  
**- 2021 -**







■ Ómar Björn Skarphéðinsson hefur verið á frystiskipinu Sólbergi ÓF frá því það kom nýtt árið 2018. Hann segir að vinnuástaðan um borð sé einstaklega góð og hún skiptir miklu máli þegar eldað er fyrir 35 manna áhöfn. Túrarnir eru langir og vinnudagurinn langur.

# Gott að geta sameinað vinnu og áhugamál

rætt við Ómar Björn Skarphéðinsson kokk á Sólbergi ÓF-1

„Ég er úr mikilli sjómansfjölskyldu þannig að sjómennskan lá eiginlega beinast við. Á þeim tíma var ég að minnsta kosti ekki að hugsa um einhverja skólagöngu. Ég byrjaði 16 ára á sjó og fór árið 1998 í fyrsta túrinn minn sem háseti á frystitogaranum Kleifaberg ÓF. Ég átti miða á bikarúslitaleik þar sem Leiftur lék til úrslita en fórnaði honum fyrir sjómennskuna og hef ekki séð eftir því. Það voru ágæt skipti enda tapaði Leiftur leiknum,” segir Ólafsfirðingurinn Ómar Björn Skarphéðinsson, kokkur á frystiskipinu Sólbergi ÓF.

## Með mikinn áhuga á matreiðslu

Ómar leysti af á Kleifabergi í fyrstu en var þar síðan fast til ársins 2004. Þá hætti hann til að fara í skóla til að læra matreiðslumanninn og var í landi þar til í júlí 2011. Þá var hann ráðinn aftur á Kleifabergið en þá sem kokkur.

„Ég hef mikinn áhuga á matreiðslunni og finnst gott að geta sameinað áhugamál og vinnu við þetta. Það eru líka margar útgerðir farnar að krefjast menntunar eða mikillar reynslu af kokkum sem koma um borð,” segir Ómar sem var að á Kleifaberginu til 2017 þegar hann fór yfir á frystitogarann Sólberg ÓF.

Kleifabergið var komið til ára sinna á þessum tíma, líklega verið um fertugt en



■ Ómar grillar á dekkinu á Kleifaberginu.

fiskaði mjög vel. Bæði í Barentshafinu og á Íslandsmiðum. Sólbergið ÓF kom nýtt til landsins 2017 og er stærsti og fullkornasti frystitogari landsins. Væntanlega hefur verið mikill munur á milli þessara skipa?

## Bara lúxus

„Það er rosalegur munur á öllu. En maður var reyndar orðinn vanur öllu á Kleifabergi. Ég hafði líka farið í tvo afleysingartúra á togarann Frosta ÞH frá Grenivík og fannst þetta bara allt í lagi. Það fór vel um mann um borð. Að fara yfir á Sólberg var bara lúxus hvað varðaði alla vinnuástöðu og líka upp á veltungu og hávaða að gera. Í því fólst mesti munurinn,” segir Ómar en í áhöfn Sólbergs ÓF eru 35 menn en voru 28 á Kleifabergi. Hann segir ekki mikinn mun á að elda fyrir 35 menn eða 28.

„Munurinn er aðallega sá hvað allt er miklu stærra og meira sem maður þarf að halda utan um, t.d. þrif og fleira. Stundum er ég með messagutta og það léttir mér þá auðvitað vinnuna. En það er ekki vel borguð vinna að vera messagutti og ekki auðveldasta staðan að ráða í. Menn bíða ekki beint í röðum til að komast í það pláss. En skipið fiskar mikið og því er hásetahluturinn góður.”

## Langur vinnudagur

En hvernig líður dagurinn hjá kokki úti á sjó, er hann ekki langur?

„Jú, hann er það. Mér líkar hins vegar vel að byrja snemma á morgnana. Ég er kominn á fætur um tuttugu mínútur í sex. Þá byrja ég að ganga frá eftir kvöldið og nóttina. Svo hef ég gert það að venju að fara að hlaupa um fimm kílómetra á hlaupabretti niðri í tækjasalnum. Síðan fer ég og ryksuga, skúra og tek til morgunmatinn. Ein af breytingunum við að fara af Kleifaberginu yfir á Sólbergið voru vaktirnar en á gamla skipinu voru vaktirnar sex og sex en hér eru gengnar átta tíma vaktir. Það breytir töluverðu hvað matmálstímana varðar. Það eru vaktaskipti klukkan tólf, átta og fjögur á nóttunni. Það er þá hádegismatur frá ellefu til tólf. Fyrri vaktin kemur rúmlega ellefu og svo koma þeir sem eru að koma af vakt upp úr tólf. Svo er kvöldmat klukkan sjö og átta. Ég er svo búinn með vaktina klukkan hálf níu til níu á kvöldin, fer svolítið eftir því hversu fljótir karlarnir eru að borða. Ég set þá afganga fram svo karlarnir geti fengið sér af þeim til að hita upp um nóttina. Svo er alltaf brauð og álegg og afgangur frá deginum til reiðu fyrir nóttina.”

## Fiskur sex sinnum í viku

Það hefur löngum verið sagt að bjáti





**Rás 16** er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.  
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.





■ Jólakalkúnninn skorinn um borð í Kleifaberginu í desember.

Mynd: Ottó Harðarson



■ Fiskur er reglulega í matinn og stutt að sækja hann.

Mynd: Ottó Harðarson

eitthvað á í veiðunum eða vinnslunni þá bitni það alltaf á kokkinum. Er það ennþá svo?

„Já, já, það er svolítið þannig. Þetta er þannig starf að þú verður að taka skómmunum frekar létt. Ef þú ætlar að vera kokkur á sjó og gera alla ánægða þá ertu ekki í réttu starfi. Það er alltaf einhver sem vill eitthvað annað en það sem er í boði. Það er bara eðlilegt. Hér er ekki beint einhver heilsustefna um borð. En mataræðið hefur vissulega breyst í tímans rás og er nú orðið bæði fjölbreyttara og hollara en áður var. Á svona stóru skipi gefst líka möguleiki til að geta alltaf verið með aðgang að niðurskornum ferskum ávöxtum í kæliborði og það fer meira af þeim svoleiðis.

Fiskur er á borðum sex sinnum í viku. Ég er oft með pasta með fiskinum og reyni að stilla þessu þannig upp að sem flestir

geti fengið eitthvað við sitt hæfi. Maður þekkir sína karla. Ef maður er með fiskrétt sem er vinsæll, sleppir maður pastanu, en með öðrum er gott að hafa pasta. Það er svo staðreyndin að ef þú borðar kjöt þá ertu lengur saddur en ef þú borðar fisk. Þannig að ef þú færð pasta með fiskinum stendur maturinn betur með þér.“

Það kemur ýmislegt fyrir úti á sjó, gott og miður gott. Ómar segir að hvað varði eldamenskuna þá sé það eina skiptið sem hann hafi næstum verið afétinn þegar hann var eitt sinn með kjúklingasalát. Hann hafi hreinlega ekki reiknað með því að sjómenn myndu borða svona mikið af salati. Svo minnst hann á að það sé alltaf skemmtilegast að elda fyrir áhöfnina þegar er naut eða lamb í matinn. „Það þarf ekki að vera flókið. Naut, franskar og bernessósa og 99% eru sáttnir,“ segir hann.

**1.200 pítubrauð í kostinum**

Ómar segir sögu af því þegar skipið var á veiðum í Barentshafi og pantaði í fyrsta skipti kost frá Noregi.

„Pöntunin reyndist ekki alveg eins og ég gerði ráð fyrir. Þegar ég kom um borð var kostur um allt skip. Það komu t.d. 1200 pítubrauð í staðinn fyrir 12 pakkingar með 6 stykkjum í hverri. Mig minnir að ég hafi verið nánast heilt ár ár að klára þau en það bjargaði að þau voru mjög góð. Nautasteikin kom fullleidd, allt morgunkorn var af skornum skammti, jórgúrtin sem ég pantaði kláraðist á útleiðinni því þetta voru víst bara einhverjar smádollur. Ég greip því til þess ráðs að hafa heita súpu á hverju morgni til að drýgja morgunkornið. Hver einasta kartafla var nýtt, það var því kartöflumús 1-2 sinnum í viku allan túrinn!“

**Eignaðist barn í lokaþrífum**

Ómar segir að eftirminnilegasti túr hans hafi verið þegar hann átti von á þriðja barninu með konu sinni. „Barna var ég á Kleifaberginu árið 2017. Ég ákvað í samráði við konuna að skella mér á hitt kerfið sem háseti. Þá átti skipið að koma í land 31. ágúst en fæðingin var áætluð þann 7. september. Í þessum túr millilönduðum við og á leið í land var pabbi minn sendur með sjúkraþyrlu á Landspítalann því nokkrum dögum áður hafði hann lent í slysi þegar við vorum að ganga frá veiðarfærunum. Svo þegar við komum í land í lok túrs var ég í lokaþrífum þegar konan fæddi næst yngsta drenginn okkar. Í sama túrnum eignast ég því barn og pabbi minn var fluttur heim í sjúkraþyrlu,“ segir Ómar Björn Skarphéðinsson.



Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ  
www.maras.is / www.faj.is  
S:555 6444 / 552 2111



**YANMAR**  
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



**SIMRAD**

Tæknibúnaður og tækniþjónusta



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur á sjómannaþinginn.



**TM**

# Sjómenn, til hamingju!

Saga TM er nátengd sögu íslensks sjávarútvegs og erum við stolt af okkar samstarfi og tengingu við greinina. Til hamingju sjómenn nær og fjær.

**Hugsum í framtíð**



# Gleðilega sjómanna dagshátíð!



**Brúin**



Félag  
skipstjórnar-  
manna

**AUÐLINDIN**



**PORBJÖRN**  
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík



Sími 552 8710 [raftidni@raftidni.is](mailto:raftidni@raftidni.is)  
rafvélaverkstæði - vindingar  
skipapjónusta - raflagnir - viðhald  
Grandagarður 16 · 101 Reykjavík



**Hvalur hf.**  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður



Fiskmarkaður Suðurnesja hf  
[www.fms.is](http://www.fms.is)

**GPG**  
SEAFOOD ehf



Vopnafjarðarhöfn

**SÓNAR**  
HEILDARLAUSN  
Í SIGLINGATÆKJUM

FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

**ÆGIR**

**oddi**  
HF  
LÍFVINNATA - ÖGURÐ



Seyðisfjarðarhöfn



Sjómannasamband  
Íslands

**BEITIR**  
EHF



# Þjónusta við öll svið atvinnulífsins

„Við þjónustum auðvitað öll svið atvinnulífsins en erum hvað sterkust í sjávarútveginum og höfum alltaf lagt okkur fram um að sinna honum sem best. Hér í Garðabænum erum við með vélaverkstæði, plötu- og stálsmiðadeild, renniverkstæði, tæknideild og skrifstofur en rekum einnig dráttarbraut við Mýrargötu í Reykjavík. Auk umsvifa í sjávarútveginum höfum við alltaf verið leiðandi í þjónustu við iðnaðinn og m.a. tekið þátt í uppbyggingu og viðhaldi virkjana og stóriðjuvera,“ segir Bjarni Thoroddsen framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar Framtaks.

## Eitt stærsta vélaverkstæðið

Stálsmiðjan Framtak rekur eitt stærsta vélaverkstæði landsins og býður upp á heildarlausnir og sérhæfða þjónustu þegar kemur að viðgerðum og þjónustu við díselolíukerfi. Fyrirtækið annast einnig innflutning og sölu á varahlutum og vélbúnaði. Stálsmiðjan Framtak er með umboð fyrir fjölmörg þekkt vörumerki, m.a. í skipavélum, dælum, vökvakrönnum, vökvaspilum, síubúnaði, loftpressum, áspéttum, mælum og fleiru. Má nefna MaK skipavélar, Desmi dælur, MKG skipa- og bryggjukrana, Ferrari skipakrana, Dinamic Oil vökvaspil, CJC síubúnað og einnig þakningar og plötur í flestar gerðir plötukæla. Er þá fátt eitt upp talið.

## Vetnið er framtíðin


Bjarni er mikill áhugamaður um framtíðar orkugjafana og hann segir að Stálsmiðjan Framtak leitist við að fylgjast með nýjungum á því sviði. „Sjálfur er ég sannfærður um að vetnið er sá orkugjafi sem mun leysa jarðefnaeldsneytið að miklu leyti af hólmi. Við reynum að vera leiðandi á þessu sviði sem öðrum og nýlega stofnuðum við fyrirtækið Clara Arctic Energy með frumkvöldi til að rannsaka nýtingu vetnis sem orkugjafa. Það mun í framtíðinni örugglega gegna mikilvægu hlutverki í skipum og flutningatækjum á landi sem þeim tengjast,“ segir Bjarni.

## Viðgerðir á olíuverkum

Framtak Blossi ehf. sameinaðist fyrir nokkru Stálsmiðjunni-Framtaksi en fyrirtækin voru áður í eigu sömu aðila. Þjónustan er skilgreind undir nafninu Sóludeild Blossi og að sögn Bjarna er verkstæðið þar það eina hér á landi sem sérhæfir sig í viðgerðum á olíuverkum og spissum. Hann segir að til að veita sem besta þjónustu sé mikilvægt að vera alltaf með nýjustu tæknina en þar séu t.d. stillibekkir fyrir flestar gerðir af olíuverkum og sérbyggðar eldsneytisælur ásamt nákvæmum stillitækjum fyrir spíssa. „Við erum að þjónusta öll helstu eldsneytiskerfi véla sem notuð eru í dag hvort sem er í skipum eða öðrum farartækjum. Kunnarnir koma alls staðar að á

landinu og sérstök áhersla er lögð á að bregðast skjótt við bilunum því allir vita að það er dýrt að láta tækin standa ónotuð í lengri tíma.“

framtak.is



■ Bjarni Thoroddsen, framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar Framtaks: „Auk umsvifa í sjávarútveginum höfum við alltaf verið leiðandi í þjónustu við iðnaðinn.“

Allt fyrir ferskleikann

# Laxinn er viðkvæmur og vandmeðfarinn



23 kg Laxakassinn er þannig hannaður að hann viðheldur ferskleika laxins lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir kassans eru eftirtaldir:

- ✦ Aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum.
- ✦ Fiskurinn raðast betur innan kassa.
- ✦ Meira rými er fyrir ís eða kælimottur.

- ✦ Rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol.
- ✦ Stærð kassanna er 79 x 39,2 sm og staflast þeir betur á vörubrettin.
- ✦ Vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður.
- ✦ Betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti.

Laxakassinn frá Tempura sér til þess að laxinn kemst ferskur til neytenda um allan heim.

  
**TEMPRA**  
einangrun - umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • [tempura@tempura.is](mailto:tempura@tempura.is) • [www.tempura.is](http://www.tempura.is)



# Fisktækniskóli Íslands


## 39 nemendur útskrifaðir á vorönn

Á dögunum var útskrift vorannar hjá Fisktækniskóla Íslands. Alls hafa 39 nemendur útskrifast á vorönn en að þessu sinni var hver hópur útskrifaður fyrir sig vegna sóttvarna. Átján hafa útskrifast úr Grunnám-fisktækni-fiskeldi, sjö nemendur úr Fisktækni, þar af þrír sem höfðu einnig lokið smáskipanámi og þrír með vinnuvélaréttindi sem kennd

voru af aðilum frá Keili. Einn útskriftarnemi lauk fiskeldisnámi og annar lauk námi í Sjávarakademíu með sínu Fisktækninámi. Sjö nemendur luku námi í Marel vinnslutækni. Einn lauk námi í veiðarfæratækni. Tíu nemendur útskrifuðust úr Sjávarakademíu úr Haftengdri nýsköpun þar af einn sem lauk líka Fisktækni.



■ Hluti útskriftarnema á vorönn ásamt forsvarsmönnum Fisktækniskólans. Vegna takmarkana sem sóttvarnareglum fylgja hefur skólinn útskrifað hvern nemendahóp fyrir sig.



### Marel vinnslutækni kennd áfram

Fyrir skömmu var undirritaður nýr samstarfssamningur til þriggja ára um nám við Fisktækniskóla Íslands í Marel vinnslutækni. Þetta nám hefur verið í boði við skólann síðustu ár og notið mikilla vinsælda. Samninginn undirrituðu Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fiskiðnaðar Marel og Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari Fisktækniskóla Íslands að viðstaddri Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra.

### Krefjandi tímar fyrir skólastarf

Í frétt frá Fisktækniskóla Íslands segir að skólastarfið hafi gengið vel í vetur, þrátt fyrir krefjandi umhverfi.

„Skólar í landinu hafa þurft að sýna mikinn sveigjanleika og aðlögunarhæfni þar sem allir hafa þurft að aðlagast sveiflum veirunnar sem herjað hefur á heiminn undanfarin misseri en það hefur gengið mjög vel í Fisktækniskólanum þrátt fyrir að sérstakar áskoranir felist í að halda uppi ákveðnum þáttum námsins sem samanstendur af staðnámi, fjarnámi og vinnustaðanámi. Við horfum afar stolt yfir hópana sem hafa útskrifast þessa vorönn og vitum að þau öll og auðvitað við

starfsfólk líka höfum lagt á okkur þessa extra vinnu sem þurfti til að láta þetta allt ganga upp.“

### Framtíðin liggur í tækninámi

Að mati Fisktækniskólans felast stórkostleg tækifæri í nýsköpun, þróun nýrrar tækni og vinnsluáferða og hækkan gæðaviðmiða í vinnslu haftengdra auðlinda.

„Vænta má að á þessu sviði atvinnulífs horfum við fram á gríðarlegan vöxt á næstu árum og áratugum. Lykilatriði til að gera framtíðarþróun mögulega er að búa yfir vel menntuðu starfsfólki á öllum sviðum greinanna.“

Fisktækniskóli Íslands býður upp á hagnýtt starfsnám sem undirbýr nemendur fyrir fjölbreytt störf við haftengda starfsemi. Námið hefst á Fisktækni - Grunni, tveggja ára 120 eininga námi sem er eins konar grunndeild sem getur staðið ein og sér og útskrifast nemandi sem Fisktæknir. Meðan á námstímanum standur eru heimsóknir í stofnarnir og fyrirtæki tengd sjávarútvegi mikilvægur þáttur. Farið er í tvær

námsferðir erlendis í samvinnu við samstarfsskóla okkar í Danmörku og Portúgal.

Áhugaverð og fjölbreytt blanda bóklegs og verklegs náms sem gefur mikla starfsmöguleika og möguleika til frekari menntunar.

Námið skiptist í almenna bóklega áfanga, fagbóklega áfanga, vinnustaðanámi og starfsþjálfun.

Að loknu grunnáminu getur fólk valið um að bæta við sig þriðja árinu og hafa fjórar leiðir í framhaldinu sem skiptast í 30 eða 60 eininga mótúla til sérhæfingar að loknum Fisktækni - Grunni; Fisktækni - Sjávarakademíu í haftengdri nýsköpun sem er 30 einingar, Fiskeldistækni, Marel vinnslutækni, eða Fisktækni - Gæðastjórnun sem eru 60 einingar hver.

Skólinn býður einnig upp á smáskipanám í skipstjórn eða vélstjórn sem gefur 15 metra réttindi. Námið er kennt samkvæmt samþykktri námskrá.“

fiskt.is

## Hundrað þúsund tonn um fiskmarkaðina árlega

Í nýtkominni og viðamikilli skýrslu um stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi eru innlendir fiskmarkaðir meðal umfjöllunarefna. Þar kemur meðal annars fram að í gegnum fiskmarkaðina fari um 15% þorskafllans en um 100 þúsund tonn af botnfiski fara árlega í gegnum viðskiptakerfi markaðanna.

### Þýðingarmikið hlutverk

„Innlendir fiskmarkaðir gegna þýðingarmiklu hlutverki í íslenskum sjávarútvegi,“ segja skýrsluhöfundar í sinni samantekt. „Fiskmarkaðirnir og sú þjónusta sem þeir veita og önnur fyrirtæki í nærumhverfinu bjóða upp á, lækka kostnað við viðskiptin. Verð á þeim endurspeglar greiðsluvilja þeirra kaupenda sem vilja greiða hæst verð fyrir fiskinn og tryggja þar með seljendum sem hæst verð. Jafnframt hvetur hin frjálsa verðlagning útgerðir til að fara sem best með aflann til að fá sem hæst verð fyrir hann á markaði.“

### Kaupendur í sterkari stöðu en seljendur

Fram kemur í skýrslunni að seljendum á fiskmörkuðum hafi fækkað undanfarinn áratug. Þeir voru 2.000 talsins árið 2011 en um 1.200 árið 2019. Samþjöppun

í hópi kaupenda er einnig mikil og sést vel á því að árið 2019 keyptu 10% umsvifamestu kaupendanna 38% af öllum fiski sem boðinn var á mörkuðunum. Fjórðungur umsvifamestu kaupendanna keypti ríflega 60% og segja skýrsluhöfundar að þetta gefi til kynna að kaupendur séu í sterkari stöðu en seljendur á íslenskum fiskmörkuðum.

### borskurinn hækkaði mest

Hvað varðar verðþróun á fiskmörkuðum er á það bent í skýrslunni að náði samband sé á milli verðs á íslenskum fiskmörkuðum og verðs á erlendum mörkuðum. Rannsóknir hafi einnig sýnt að verð á ferskfiskmörkuðum ráðist af gæðum fisks, ferskleika, stærð og afhendingartíma.

„Misjafnt er hver þróun verðs hefur verið á helstu tegundum sem seldar eru á fiskmörkuðum 1997-2020. Á verðlagi í september 2020 hefur verð á þorski hækkað mest eða um 46%. Það var að jafnaði 223 kr. á kg fyrstu níu mánuði ársins 1997 en 325 kr. á kg sömu mánuði ársins 2020. Ýsa hækkaði á sama tímabili um 21%, karfi um 14%, skarcoli um 4% og langa um 2%. Steinbitur og ufsi lækkuðu aftur á móti í verði á þessu tímabili.“



535-5800  
535-5850

210 GARÐABÆR

VESTURHRAUN 1

info@framtak.is  
blossi@blossi.is

BSI ISO 9001  
Quality Management  
Systems  
CERTIFIED  
FM 592299



# Aflann og vörur í örugga höfn



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Kristjánsson.



Ljósmynd: Gunnlaugur Rögnvaldsson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.



Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports



# „Datt aldrei í hug að ég yrði sjómaður á Íslandi“

segir Mariusz Mozejko, smábátasjómaður á Bakkafirði

„Mig datt aldrei í hug þegar ég bjó í Póllandi á sínum tíma að ég ætti eftir að verða sjómaður á Íslandi og gera út eigin bát. Aldrei nokkurn tímann. Ég sagði meira að segja þegar ég kom fyrst til Bakkafjarðar að ég færi aldrei á sjó en svona þróaðist þetta bara,“ segir Mariusz Mozejko, smábátasjómaður á Bakkafirði sem á og gerir út bátinn Nataliu NS-90. Mariusz er fæddur og uppalinn í Póllandi en hefur búið á Bakkafirði í 21 ár. Þar á hann sína fjölskyldu, eiginkonu, börn og eigin útgerð og segist ánægður að búa á Bakkafirði. „Það er ágætt að skreppa til Reykjavíkur en ég hef engan áhuga á að búa þar. Alltof stór staður fyrir mig. Hér á Bakkafirði líður okkur vel og hér er gott að búa,“ segir hann.

## Kom til Íslands til að afla peninga

Mariusz segir að á sínum tíma hafi hann unnið sem lyftaramaður á vörulager í Póllandi hjá stóru fyrirtæki sem framleiddi innréttingar.

„Ég vann mjög mikið en fyrir mjög lítið kaup. Vann frá 16 upp í 24 tíma á sólarhring. Draumurinn var að kaupa hús í Póllandi en kaupði var svo lágt að það var mjög erfitt að safna fyrir húsinu. Vinur minn á Íslandi benti mér á að hér vantaði lyftaramann og kaupði var mun betra. Og ég hugsaði með mér að ég hefði engu að tapa að fara til Íslands og vinna mér inn pening í einhvern tíma fyrir húsinu í Póllandi. Þess vegna kom ég hingað til Bakkafjarðar og byrjaði að vinna sem lyftaramaður hjá fyrirtækinu Gunnólfi sem þá var starfandi hér. Þannig að ég hef allan tímann búið á Bakkafirði en húsið keypti ég aldrei í Póllandi heldur keypti ég mér hús hér á Bakkafirði. Hér líður okkur fjölskyldunni vel,“ segir Mariusz.

## Kominn í eigin útgerð

Þegar litla vinnu var að hafa hjá Gunnólfi á Bakkafirði fór Mariusz að vinna hjá verkötum og var meðal annars í eitt ár hjá Suðurverki við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Hann kynntist sjómenskunni líka fljótlega eftir að hann kom og fór á sína fyrstu grásleppuvertíð árið 2001. Síðan var hann á línubátum Síldey NS frá Eskifirði um tíma en sá landaði afla sínum á Bakkafirði. Síðar var hann á Auðbjörgu NS frá Seyðisfirði, bæði á grásleppu og í strandveiði. En það var svo fyrir fimm árum sem hann steig það skref að kaupa sinn eigin bát sem nú er Natalia NS-90.

„Þetta er 8 metra og tæplega 6 tonna bátur sem ég keypti á Grenivík. Ég fer á grásleppu á vorin og svo í strandveiðarnar á sumrin en ég er líka með svolítinn kvóta sem ég fiska á haustin til viðbótar við byggðakvótann. Hér á Bakkafirði eru tvær vinnslur

sem vinna úr aflanum frá mér þannig að þetta hefur gengið ágætlega,“ segir Mariusz.


## Meðal þeirra aflahæstu á strandveiðinni

Mariusz byrjaði strax í strandveiðinni eftir að hann keypti bátinn og er óhætt að segja að hann hafi náð mjög góðum árangri. Hann hefur öll árin verið á lista yfir 10 aflahæstu strandveiðibátana á svæði C og hefur fiskað rúm 186 tonn samanlagt í strandveiðinni síðustu fimm sumur. Mestur var aflinn árið 2017 þegar Natalia NS var annar aflahæsti báturinn á svæði C með tæp 43 tonn.

„Mér líkar vel á strandveiðunum en þetta getur verið lotterí. Stundum þarf svolítið að leita til að finna fiskinn. Það getur verið mjög breytilegt hvar fiskurinn er, hversu stór hann er, hvort það eru göngur af síld og makríl. Ég þarf stundum að stíma 30 mílur út til að komast í fisk. Þetta er mjög misjafnt og ekki alltaf jólin,“ segir Mariusz og hlær. „Oftast næ ég skammtinum á hverjum degi en auk þess að róa þarf að sinna bátnum, viðhaldinu og rekstrinum.“

Líkt og síðustu ár er Mariusz á strandveiðarnar í sumar en Natalia NS var á grásleppunni að undanfögnu. Reyndar þurfti Mariusz að taka sér hlé frá róðrum um tíma í vor vegna óhapps sem hann varð fyrir í landi en rær nú ótrauður í strandveiðinni. Hann segist engin áform hafa um að auka við sig kvóta að sinni.

„Mér finnst þetta ágætt eins og það er hjá mér; grásleppuveiðar á vorin, strandveiðarnar á



■ Pólverjinn Mariusz Mozejko hefur búið á Bakkafirði í 21 ár. Hingað til lands kom hann til að vinna á lyftara og safna sér fyrir húsi í Póllandi. Hús keypti hann en ekki í Póllandi heldur á Bakkafirði þar sem fjölskyldan er sæl og ánægð.



■ Natalia NS-90 kemur til hafnar á Bakkafirði. Mariusz hefur alltaf frá því hann keypti bátinn verið meðal þeirra aflahæstu í strandveiðinni á svæði C.

sumrin og svo kvótinn og byggðakvótinn á haustin. Það verður bara að koma í ljós hvernig

útgerðin þróast. En það er gaman að vera sinn eigin herra, vinna hjá sjálfum sér og geta varið tíman-

um fyrir sjálfan sig en ekki aðra. Ég kann vel við það.“

## Nýtt hafrannsóknaskip árið 2023

Átta skipasmíðastöðvar lýstu áhuga á að taka þátt í smíði nýs hafrannsóknaskips í staðrs. Bjarna Sæmundssonar en forútbóði vegna smíðinnar lauk nú í maí. Lengi hefur legið fyrir að þörf væri á nýju skipi í stað Bjarna Sæmundssonar, enda skipið orðið hálfrað aldrar gamalt. Skriður komst á málið með ákvörðun um smíði nýs hafrannsóknaskips sem tekin var á sérstökum hátíðarfundum Alþingis á þingvöllum í tilefni af 100 ára fullveldisafmælinu árið 2018.

### Smíðasamningur fyrir 1. nóvember

Gert er ráð fyrir svokölluðu samkeppnisútbóði sem gefur möguleika á viðræðum við boðendur og aðlögun vegna tilboda. Samhliða því verður unnið að hæfnismati á skipasmíðastöðvunum, samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Þegar þeirri



■ Rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson, sem nú ber einkennisstafina HF-30, var byggt árið 1970. Ákvörðun um smíði nýs hafrannsóknaskips var ályktun hátíðarfundar Alþingis á þingvöllum í tilefni af 100 ára fullveldisafmælinu árið 2018.

vinnu verður lokið verður sjálf smíði skipsins boðin út og þær stöðvar sem standast hæfnismat fá að taka þátt í því útbóði. Miðað er við að sjálft útbóðsferlið hefjist þann 1. júní. Gert er ráð fyrir að samningum um smíði skipsins verði lokið fyrir 1.

nóvember næstkomandi og að hún hefjist strax í kjölfarið. Gangi þetta allt eftir ætti skipið að verða tilbúið í árslok 2023.

### Horft á lífdísil og metanól

Við hönnun á nýju rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnun

hefur verið horft til ýmissa leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Til að mynda verður hægt að brenna lífdísil á bord við t.d. repjuolíu. Þeim möguleika er líka haldið opnum í hönnun skipsins að gera ráð fyrir búnaði sem þarf til ef hentugar vélar til brennslu metanóls verði komnar í framleiðslu á smíðatímanum.

Innan skips verður leitað allra leiða til að spara orku. Það verður til að mynda gert með því að nota LED tækni til lýsingar, spilbúnaður skipsins verður rafdrifinn, til upphitunar verður notuð afgangssorka frá kælivatni aðalvéla og vistarverum verður skipt upp þannig að einungis verði loftræstar þær sem eru í notkun hverju sinni. Skipið verður tengt við landrafmagn og gert er ráð fyrir að settir verði upp varmaskiptar í heimahöfn skipsins þannig að skipið verði hitað upp með vatni frá hitaveitu.



MAÍ 1973



Við tökum útstímið með ykkur.  
Til hamingju með Sjómannadaginn!



Nýtt fiskiskip bætist senn í flota Samherja hf.

# Fyrsta skipið til að flytja lifandi bolfisk að landi

Oddeyrin EA-210 er væntanleg til landsins frá Danmörku en þetta nýjasta skip í skipastól Samherja hf. hefur verið í breytingum hjá Karstensens Skibsværft síðustu mánuði. Útfærsla skipsins er nýjung og markar algjöra sérstöðu í fiskiskipaflotanum hér á landi því skipinu er ætlað að hefja tilraunir með að koma með lifandi bolfisk að landi til vinnslu. Slíkt hefur ekki áður verið reynt hér á landi.

## Vinnslubúnaður frá Slippnum

Samherji hefur undirritað samning við Slippinn á Akureyri um smíði og uppsetningu á vinnslubúnaði í Oddeyrina EA en um er að ræða blöndu af hefðbundnu fyrirkomulagi og nýjungum sem tengjast meðferð og flutningi á lifandi fiski. Samningurinn við Slippinn felst í vinnslubúnaði sem settur verður um borð á Akureyri. Búnaðurinn er blanda af hefðbundnu og nýjungum, t.d. nýrri tegund af þvottatanki og stórum blóðgunarbrunnum sem Slippurinn hefur hannað. Blóðgunarbrunnarnir ná frá vinnsluþilfari að tanktoppi en þannig næst mikið rúmmál fyrir afla í blæðingu sem eykur gæðin. Þá verður komið fyrir krapavél frá KAPP ehf. sem bæði verður notuð til að kæla afla í vinnslu og í lest. Með þessu er



■ Oddeyrin EA-210 var áður uppsjávarskip á Írlandi sem nú hefur verið breytt til bolfiskveiða og flutnings á lifandi fiski í land. Slíkt hefur ekki verið reynt áður á Íslandi.

lögð áhersla á blæðingu og kælingu á þeim afla sem slátrað er um borð. Hugmyndin er samt sem áður að sem hæst hlutfall afla fari lifandi í tanka og verði afhent þannig í land. Heildarverðmæti vinnslubúnaðar frá Slippnum er á annað hundrad milljónir króna.

## Viðamiklar breytingar í Danmörku

Oddeyrin EA hét áður Western

Chieftain og var skipið gert út á Írlandi en Samherji hf. festi kaup á því í lok síðasta árs. Um er að ræða lítið notað og vel búið 45 metra langt uppsjávarskip. Umfangsmiklar breytingar á skipinu fóru fram í Karstensen Skibsværft í Danmörku. Þar var skipið lengt um 10 metra og hefðbundnu vinnsludekki og fiskilest komið fyrir. Upphaflegir kælitankar í skipinu voru látnir halda sér en

þeim breytt til að geyma lifandi fisk. Nýju dekkhúsi, sem mun hýsa flokkunaraðstöðu, var komið upp og unnið er að því að koma fyrir búnaði til flokkunar á afla eftir að honum er dælt um borð. Í lokaáfangum í breytingum var unnið í brú að uppfærslu á ýmsum búnaði og fiskleitartækjum sem henta betur til bolfiskveiða. Loks var skipið málað.

Upphafleg verklok voru áætluð

í mars en Covid-heimsfaraldurinn hefur haft sín áhrif til seinkunar. Verkið hefur jafnframt tekið ýmsum breytingum eftir að áhöfn og fleiri komu með þekkingu sína og reynslu að borðinu, að því er segir í upplýsingum frá Samherja hf.

# Vertu með í byltungunni!

iTUB hjálpar fyrirtækjum að ná markmiðum sínum um sjálfbærni í umhverfismálum

iTUB sendir öllum sjómönnum bestu kveðjur á sjómannadaginn



www.itub-rental.com



# KÖFUNARÞJÓNUSTAN

Öflugt teymi sem tekst á við fjölbreytt verkefni við krefjandi aðstæður

► **Almenn þjónusta við skip og útgerðir:**

Botnskoðun, fórnarskaut, botnþrif, botnlokar, pólering á skrúfu, botnstykki o.m.fl.

► **Bryggjupil:**

Ástandsskoðun og skýrslugerð, ráðgjöf og tillögur að úrbótum, viðgerðir vegna tæringa og ákomu, uppsetning fórnaskauta, o.m.fl.



KÖFUNAR  
ÞJÓNUSTAN EHF

Vottaðir suðumenn / viðurkenndir af fjórum flokkunarfélögum  
Sími 863 5699 • [www.kafari.is](http://www.kafari.is)





# Gleðilega sjómanna dagshátíð!



Sandgerðishöfn



Hafnir Ísafjarðarbæjar



# Nýir fóðurprammar fyrir austan

Tveir nýir fóðurprammar voru teknir í notkun á Austfjörðum á dögnum en slík tæki eru engin smásmíði og kosta upp undir hálfan milljarð króna. Fóðurpramminn sem Fiskeldi Austfjarða fékk í sína þjónustu fékk nafnið Stapaey og getur tekið um 600 tonn af fóðri. Stapaey er með hybrid útbúnaði og stórum rafgeymum sem þýðir að eldsneytisnotkun minnkar um 65% frá því sem hefðbundið hefur verið.


Sömu leiðis fékk fyrirtækið Laxar fiskeldi ehf. nýjan og öflugan fóðurpramma af fullkomnustu gerð á dögnum. Hann hefur fengið nafnið Fenrir og var gestum til sýnis á Eskifirði. Pramminn verður við eldiskvíar Laxa fiskeldis í Reyðarfirði en fóðurprammi fyrirtækisins í Reyðarfirði sökk þar snemma í janúar í miklu óveðri sem gekk yfir Austfirði.



■ Nýr fóðurprammi Fiskeldis Austfjarða, Stapaey, kostaði upp undir hálfan milljarð króna.



■ Fenrir, fóðurprammi Laxa fiskeldis, við bryggju á Eskifirði.



■ Strandveiðar hafa sannarlega byrjað af miklum krafti í ár.

## Kraftur í strandveiðum

Strandveiðar hófust þann 3. maí síðastliðinn og var strax góður gangur í veiðunum. Líkt og áður eru strandveiðar leyfðar fjóra daga í viku, frá mánudegi til og með fimmtudags. Í samantekt Landssambands smábátaeigenda að loknum fyrstu 14 veiðidögnum kemur fram að landanir hafi verið 4.124 á þessu tímabili, samanborið við 3.545 í fyrra. Útgefin veiðileyfi voru nú 604 á þessum tíma en 584 á sama tíma í fyrra.

Aflinn að loknum fyrstu 14 veiðidögnum nam tæpum 2.600 tonnum en var 2.321 tonn á sama tíma í fyrra. Meðalafli á bát var því rúmlega 4,7 tonn í ár. Eftir þennan hluta strandveiðitímabilsins var Agla ÁR-79 aflahæsti báturinn á svæði A með 10,7 tonn, Lukka EA-777 aflahæst á svæði B með 9,2 tonn, Lundey þH-350 aflahæst á svæði C með 9,9 tonn og Elli SF-71 aflahæsti báturinn á svæði D með tæplega 10,1 tonn.

### Umtalsverð fiskverðshækkun


En það er ekki aðeins að veiðarnar gangi vel hjá strandveiðibátunum heldur hefur fiskverð hækkað talsvert. Þannig segir Landssamband smábátaeigenda að verð á handfærarþorski nú í maí hafi verið 29% hærra en það var á sama tíma fyrra. Í gegnum fiskmarkaði hafi farið rúmlega 1.900 tonn af óslægðum handfærarþorski á fyrstu 12 röðradögum strandveiðanna sem svari til 4% aukningar á milli ára. Meðalverðið í ár á þessum afla var 271 kr/kg, sem er hækking um 61 krónu á kíló.

# ≡ HÉÐINN ≡

Héðinn selur og þjónustar búnað frá Kongsberg Maritime



## KONGSBERG



hedinn.is



## Síldarvinnslan hf. komin í Kauphöllina

# Eina skráða félagið með höfuðstöðvar á landsbyggðinni

Tímamótadagur var í sögu Síldarvinnslunnar þann 27. maí þegar hlutabréf í fyrirtækinu voru skráð til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Af því tilefni var bjalla Kauphallarinnar flutt aust-

ur í Neskaupstað þar sem Gunnþór B. Ingvason, forstjóri Síldarvinnslunnar hringdi henni um borð í Berki II NK til marks um opnun markaðarins.

Skráning í Kauphöllina kom í



■ Gunnþór B. Ingvason hringdi bjöllu Kauphallarinnar um borð í Berki II NK þann 27. maí þegar opnað var fyrir viðskipti með hlutabréf í fyrirtækinu.

kjölfar almenns hlutabréfaútboðs Síldarvinnslunnar sem lauk þann 12. maí. Útgefið hlutafé í Síldarvinnslunni nemur 1.700 milljónum hluta. Í útboðinu voru boðnar til sölu 447,6 milljónir hluta af áður útgefnum hlutum. Rúmlega tvöföld eftirspurn var frá bæði almenningi og fagfjárfestum og nýttu seljendur sér heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu um 51 milljón hluta. Seljendur samþykktu áskriftir fyrir 498,6 milljónir hluta eða 29,3% af hlutafé félagsins. Áð útboðinu loknu eru hluthafar í Síldarvinnslunni tæplega 7.000 talsins. Í aðdraganda skráningar félagsins í Kauphöll samþykkti stjórn þess að afhenda allt að 3,3 milljónir eigin hluti til starfsmanna félagsins.

Gunnþór B. Ingvason, forstjóri Síldarvinnslunnar hf. sagði í kjölfar útboðsins virkilega ánægjulegt að sjá áhuga almennings og fagfjárfesta á sjávarútvegi sem kristallist í niðurstöðum útboðsins. Með skráningu félagsins í Kauphöll hafi fyrirtækið þá sérstöðu að vera eina skráða félagið með höfuðstöðvar á landsbyggðinni.



**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**



# ÞAÐ ER NÓG TIL!

Sjómanna dagurinn er gleðidagur en hann er einnig áminning um mikilvæga baráttu sjómanna sem stendur enn.

**Rafiðnaðarsamband Íslands sendir sjómönnum rafmagnaðar baráttukveðjur í tilefni dagsins.**



■ Yfirlit útflutningsverðmæta sýnir vel hversu dýrmætar loðnveiðar eru þjóðarþúinu.

## Hækkun útflutningsverðmæta vegna loðnunnar

Verðmæti vöruútflutnings í apríl 2021 jókst um 14,1 milljarð króna, eða um 29,8%, frá apríl 2020, úr 47,3 milljarðum króna í 61,5 milljarða. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða um 9,5 milljarða, eða 53,5% og munar þar mestu um aukið verðmæti loðnu. Verðmæti útfluttra iðnaðarvara jókst um 2,6 milljarða króna eða 9,6% samanborið við apríl 2020 og munar þar mestu um aukið útflutningsverðmæti áls.

„Verðmæti vöruútflutnings á tólf mánaða tímabili, frá maí 2020 til apríl 2021, var 648,7 milljarðar króna og hækkaði um 34,3 milljarða króna miðað við sama tímabil ári fyrr eða um 5,6% á gengi hvors árs. Iðnaðarvörur voru 47,5% alls vöruútflutnings síðustu tólf mánaði og var verðmæti þeirra 1,5% meira en á tólf mánaða tímabili þar á undan. Sjávarafurðir voru 43,4% alls vöruútflutnings síðustu tólf mánaði en verðmæti þeirra jókst um 9,4% á milli tólf mánaða tímabila. Verðmæti útflutnings í fiskeldi jókst um 6,2 milljarða, eða 23,7%, á sama tímabili,“ segir í frétt Hagstofunnar.





**Gleðilega sjómannaðagshátíð!**

**Þjóðum færibönd  
af öllum stærðum og gerðum  
Ýmislegt annað fyrir sjávarútveginn**



**GÚMMÍSTEYPA  
Þ. LÁRUSSON EHF.**



# Hörmungarsaga Hans Hedtoft


Ekkert hefur spurst til Grænlandsfarsins sem fórst í jómfrúarferð sinni með manni og mús kaldan janúardag árið 1959. Gátan um hvað varð um skipið er enn óleyst

Eitt frægasta sjóslys sögunnar varð þann 14. apríl 1912 þegar hið glæsta farþegaskip Titanic fórst í sinni jómfrúarferð og 1635 manns fórust. Þegar skammt var til hafnar rakst þetta risaskip á ísjaka úti fyrir ströndum Nýfundnlands á leið sinni til New York og sökk eftir nokkurra stunda dauðastríð. Færri vita af sjóslysi sem varð tæplega hálfri öld síðar þegar Grænlandsfarið Hans Hedtoft rakst á ísjaka í Norðurhófum 30. janúar 1959 og sökk í djúpið. Orsakir þessa ægilega slyss eru enn ókunnar og aldrei hefur spurst til þeirra 95 manna sem með því fórust. Bæði skipin voru í jómfrúarferðum sínum, bæði voru þau talin ósökkvandi og bæði rákust á ísjaka og sukku í kjölfarið.


## Öryggismál í öndvegi

Hans Hedtoft var farþega- og vöruflutningaskip, 2.800 brúttó-rúmlrestir að stærð og í alla staði mjög vel útbúið. Meðal annars var það styrkt til þess að sigla í ís og vatnspétt skilrúm áttu að varna því að það sykki þótt gat kynni að koma á einum stað á skipið. Um borð voru þrjú 35 manna björgunarbátar, tveir 20 manna og fjórir 12 manna gúmmibjörgunarbátar með sjálfvirkum neyðarsendum. Öryggismálin voru því í öndvegi og raunar mun meira lagt upp úr þeim í þessu skipi en áður hafði þekkt. Það dugði ekki til.


Ms. Hans Hedtoft sem nefnt var í höfuðið á fyrrum forætisráðherra Dana, lagði upp í hina ör-lagaríku ferð frá Kaupmannahöfn þann 7. janúar 1959 og var ferðinni heitið til Julianeháb á Grænlandi þar sem nú heitir Qaqortoq. Um borð voru 40 í áhöfn og 55 farþegar – fullorðnir og börn. Meðal farþega var danski þingmaðurinn Augo Lyngé. Sjóferðin




■ Hans Hedtoft var glæsilegt farþega- og kaupskip í eigu dönsku Grænlandsverslunarinnar.



■ Lagt af stað í hinstu för frá Qaqortoq. Enginn hinna 40 áhafnar meðlima og 55 farþega áttu afturkvæmt.



■ Afstöðumynd leitar að skipunum. Tveir staðsetningarpunktar Hans Hedtoft vísa til þess að talið er að í fyrstu hafi verið gefin upp röng staðsetning. Þá er punktur fyrir þýska togarinn Johannes Krüss og einnig færæyska togarans Fiskaness sem einnig leitaði skipsins.



■ Titanic sekur í apríl 2012. Margt líkt er með afdrifum þessa fræga skips og Hans Hedtoft.

til Grænlands gekk afar vel og þótti sjóhæfni skipsins öldungis frábær. Eftir að hafa lestað í Qaqortoq lá leiðin til fleiri bæja á Grænlandi og síðan hófst heimferðin til Kaupmannahafnar að kvöldi dags 19. janúar 1959. Var siglingin tíðindalaus þangað til 30. janúar að fór að gefa á bátinn. Skipstjóri á Hans Hedtoft var Poul L. Rasmussen, þaulreyndur sigl-



■ Margt fyrimenn í Danmörku var viðstatt sjósetningu Hans Hedtoft. Skipið var nefnt í höfuð Hans Hedtoft, sem var forsætisráðherra í Danmörku 1947-1950 og 1953-1955.

ingum á þessum slóðum og hafði verið í Grænlandssiglingum í þrjú áratugi. Stýrimaður skipsins var Hans Richard Jacobsen frá Klakksvík í Færeyjum og var hann í brúnni þegar ógæfan dundi yfir.

## „Erum að sökkva...“

Um kl 14:00 þennan dag barst skeyti frá Hans Hedtoft þar sem tilkynnt var að skipið hefði rekist á borgarísjaka um 20 sjómílar suðaustur af Hvarfi, syðsta odda Grænlands. Rúmum klukkutíma síðar barst neyðarkall frá skipinu og tilkynnt að það væri umlukkið borgarísjökum og væri að sökkva. Þýski togarinn Johannes Krüss frá Bremerhaven, sem var staddur um 25 sjómílar frá Hans Hedtoft nam neyðarkallið og sigldi strax í átt að skipinu. Var áhöfn hans í stöðugu sambandi við Hans Hedtoft í um þrjár klukkustundir og fóru a.m.k. 15 orðsendingar á milli skipanna. Áhöfn togarans gerði sitt besta til að komast á slysstaðinn og lagði sig í mikla hættu við að sigla innan um borgarísinn. Ferðin sóttist hins vegar seint og náði Johannes Krüss aldrei að komast að Grænlandsfarinu. Klukkan 17.41 bárust síðustu skilaboðin frá Hans Hedtoft: „Við

erum hægt og bítandi að sökkva“ og um 25 mínútum síðar barst síðasta SOS-merkið frá skipinu. Þegar togarinn var staddur nokkrum sjómílum sunnan við síðustu staðarákvörðun Hans Hedtoft, veittu skipsmenn athygli braki í sjónum sem þeir töldu vera brot úr borðstokki Grænlandsfarsins. Ekkert annað fannst.

Ljóst var að þetta sterka og ósökkvandi skip hafði lotið í lægra haldi fyrir borgarísnum þrátt fyrir að hafa verið sérstaklega hannað til þess að sigla í ís. Svo kaldhæðnislega vildi til að togarinn Johannes Krüss mætti sömu örlögum á svipuðum slóðum í febrúar árið 1967 og fórust allir sem voru um borð. En það er önnur saga.

## Björgunarhringur í Grindavík

Í viðtali við dagblaðið Politiken nokkru síðar sagði loftskeytamaður þýska togarans að það hefði komið skipverjum mjög á óvart að Hans Hedtoft skyldi þagna svona skyndilega og hverfa með öllu. „Það er okkur öllum hér um borð hinn mesti harmur, að hafa ekki getað komist nógu fljótt á slysstaðinn. Samkvæmt þeim skeytum, sem við fengum, héld-

um við, að Hans Hedtoft gæti haldist á floti langtum lengur en raun bar vitni. Ég verð að lýsa aðdáun minni á loftskeytamanni Grænlandsfarsins. Hann hélt áfram að senda morskkeyti á neyðarsendinn með hinni stökustu rósemi til hins síðasta. Hann sendi nákvæm merki og gaf staðarákvarðanir og ekki í eitt einasta skipti mátti merkja flautur eða ótta. Síðasta skeytið kom klukkan 21:40. Það var skeytið um að skipið væri að sökkva, en andartaki síðar bárust okkur tvö langdregin morskmerki. Svo virtist, sem rafgeymir neyðarsendisins væri genginn til þurrðar en einnig getur þetta hafa stafað af því, að sjórinn hafi fossað inn og stöðvað loftskeytamanninn...“

Strax hófst umfangsmikil leit að Hans Hedtoft. Auk skipanna Johannes Krüss og færæyska togarans Fiskaness hófu leitarflugvélar sig á loft frá Keflavík, Thule á Grænlandi og Nýfundnalandi og sveimuðu yfir slysstaðnum án árangurs. Þá voru nokkur fleiri skip send til leitar og lónuðu þau fram og til baka um hafsvæðið í von um að eitthvað kynni að finnast sem gæti útskýrt afdrif Hans Hedtoft. Allt kom fyrir ekki. Ekkert fannst. Löngu eftir að leit var hætt eða í byrjun október 1959, fannst þó björgunarhringur merktur Hans Hedtoft, rekinn á land við Grindavík. Hringurinn er það eina sem eftir var af þessu glæsta skipi.

## Ráðgátan enn óleyst

Frá þeim örlagaríka degi sem Hans Hedtoft hvarf í djúpið hafa verið gerðir út nokkrir leiðangrar án árangurs til að finna flak skipsins sem menn eru vissir að hvíli á um tveggja kílómetra dýpi 20 sjómílar suðaustur af Hvarfi. Síðast var þetta hafsvæði skannað nákvæmlega haustið 2007 þegar varðskipið Vædderen, sem Íslendingar kannast vel við, fór skipulega yfir svæðið. Vísindamenn um borð reyndu með nákvæmum mælitækjum að finna einhver merki um skipið, en allt kom fyrir ekki.

Allt frá þessu dularfulla slysi hafa menn sett fram tilgátur um orsakir þess. Ein er sú að við höggvið á ísjakann hafi suða í byrðingi skipsins gefið sig en plötur í skrokki þess voru soðnar saman en ekki hnoðaður. Önnur tilgáta er sú að ísjakinn hafi rekist á skipið aftanvert og gert gat á byrðinginn og skilrúm á milli hólfa gefið sig.

En þetta eru bara getgátur.

**THERMOLITE®**

**-40°C**  
[CI-TESTED]

**JÓN BERGSSON EHF.**

Kletthálsi 15 - 110 Reykjavík  
Sími 588 8886 - Fax 588 8944  
jon@jonbergsson.is - www.jonbergsson.is

**BEKINA**  
BOOTS BUILT TO LAST



SJÓMANNADAGURINN 2021

# SJÓMENN, TIL HAMINGJU!



VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna  
óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra  
til hamingju með daginn

[www.vm.is](http://www.vm.is)

Landsfélag í vél- og málmtækni







■ Verðlaunahafarnir sex ásamt Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.

## Íslenski sjávarklasinn

# Viðurkenningar í tilefni af 10 ára afmæli

Í tilefni tíu ára afmælis Íslenska sjávarklasans veitti hann á dögnum viðurkenningar til einstaklinga sem hafa með einum eða öðrum hætti stuðlað að auknu samstarfi á ýmsum sviðum sem tengjast Íslenska sjávarklasnum.

Bórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar afhenti viðurkenningar og einnig ávarpaði forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, gesti.

Gísla Gíslasyni fyrrum hafnarstjóra Faxaflóahafna var veitt sérstök viðurkenning frá stjórn samstarfsvettvangs samstarfsfyrirtækja Sjávarklasans fyrir forystu um uppbyggingu klasans við Reykjavíkurbæ. Hús sjávarklasans við Reykjavíkurbæ hefur stuðlað að margháttuðu sam-

starfi ólíkra einstaklinga og fyrirtækja og orðið vaggja nýsköpunar í haftengdri starfsemi.

„Árangur Húss sjávarklasans hefur víða spurst út og hafa hafnir, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, sóst eftir upplýsingum um hvernig staðið var að þessari uppbyggingu. Forysta og áhugi Gísla Gíslasonar og stjórnar Faxaflóahafna skipti sköpum um þann árangur sem Hús sjávarklasans hefur náð,” segir í frétt frá Sjávarklasnum.

Ásta Dís Óladóttir dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands fékk viðurkenningu fyrir að efla samstarf atvinnulífs og Háskóla Íslands. Ásta Dís hefur stuðlað að því að fleiri nemendur hafa myndað tengsl við fyrirtæki í Sjávarklasnum og kynnst þannig at-

vinnulífinu og tækifærum í bláa hagkerfinu.

Eva Rún Michelsen stofnandi Eldstæðisins fékk viðurkenningu fyrir að hafa komið á fót vettvangi fyrir matvælafrumkvöðla sem hafi aukið samstarf og opnað tækifæri fyrir fjölda frumkvöðla til að vinna að sinni nýsköpun í matvælum. Eva var jafnframt fyrsti framkvæmdastjóri Húss sjávarklasans.

Salóme Guðmundsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri Icelandic startups fékk viðurkenningu fyrir forystu um uppbyggingu á sprotastarfsemi í landinu. Salóme stóð í stafni við að koma á viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita en Icelandic Startups og Sjávarklasinn stofnuðu til þess verkefnis. Segir í frétt Íslenska sjávarklasans að nýi hraðallinn

hafi stuðlað að enn öflugra frumkvöðlastarfi og aukið samstarf landbúnaðar og sjávarútvegs í frumkvöðlastarfsemi.

Sigurður Pétursson frumkvöðull og stofnandi fiskeldisfyrirtækisins Arctic Fish fékk viðurkenningu fyrir ótult frumkvöðlastarf á sviði fiskeldis og fyrir að hvetja til viðtæks samstarfs frumkvöðla og iðnaðar. Sigurður var einn af fyrstu íbúum Húss sjávarklasans og þar hóf hann að þróa hugmynd sína um öflugt fiskeldi á Vestfjörðum. Sigurður hafi jafnframt verið afar hjálplegur við fjölda frumkvöðla sem leitað hafi í hans smiðjur.

Vilhjálmur Jens Árnason verkefnisstjóri hjá Sjávarklasnum fékk viðurkenningu fyrir þátt hans í uppbyggingu klasans og kyn-

ingu á honum. Vilhjálmur hefur fylgt klasnum frá fyrsta degi og unnið að margháttuðum verkefnum hér og erlendis í tengslum við klasaupbyggingu og ráðgjöf. Um hans viðurkenningu segir að fyrsta verkefni Vilhjálms hafi verið í undirbúningi að stofnun klasans þegar hann hafði forystu um gerð ítarlegrar kortlagningar á allri haftengdri starfsemi á Íslandi. Sú aðferðafræði sem þar var tekin upp hafi síðan orðið fyrirmynd sambærilegra kortlagninga erlendra klasa sem tengjast Sjávarklasnum. Vilhjálmur hefur kynnt klasastarfið víða um heim og liðsinnt þeim erlendu aðilum sem sýnt hafa áhuga á að opna sambærilega klasa utan Íslands.

Valka óskar sjómönnum, landverkafólki og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn

Valka

Framúrskarandi lausnir fyrir fiskvinnslur





# Hágæða vinnuföt

**mikið úrval**

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



**DUNDERDON**

**Snickers** WORKWEAR vinnuföt fást einnig í

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN

**Mikið úrval af öryggisvörum**



**Verkfæri og festingar**

Opið: 8-18 virka daga – 10-12 laugardaga



# Ný verslun Hampiðjunnar og Voot opnuð á Skarfabakka

Ný og glæsileg verslun Hampiðjunnar og Voot var opnuð í liðinni viku. Verslunin er í sama húsi og höfuðstöðvar félagsins að Skarfabakka 4 við Sundahöfn. Ólafur Benónýsson, verslunarstjóri, segir að á boðstólum verði allt til útgerðar- og verktakavinnu og að lagt sé upp með að allir sjómenn, útgerðarmenn og verktakar geti komið í verslunina og fundið það sem þá vanhagar um.

## Vörur fyrir allar veiðar

„Við verðum með allar helstu rekstrarvörur og það á ekki að skipta máli hvort viðkomandi er á handfæraveiðum eða á stærri fiskiskípum. Okkar draumur er að endurskapa þá stemningu sem ríkti í Ellingsenversluninni í gamla daga og margir muna eftir. Hér geta viðskiptavinir okkar komið og skoðað úrvalið og fengið það sem þá vanhagar um, sest niður yfir kaffibolla og rætt málin,“ segir Ólafur.

Meðal þess sem sérstök áhersla verður lögð á í versluninni er sala á mjög fjölbreyttum lyftibúnaði fyrir sjávarútveg, byggingariðnað, verktaka, flutningsaðila og stóriðnað og svo mætti lengi telja. Einnig verður gott úrval af línu- og handfæravörum fyrir smábátasjómenn og margvíslegur sjóvinnufatnaður frá Mar Wear ásamt fjölbreyttu úrvali af hreinsiefnum, hreinlætisvörum, pappírsvörum og margt fleira.

„Það er mikil samkeppni á þessum markaði en menn eru farnir að þekkja gæðin sem fylgja sjóvinnufatnaði frá Mar Wear. Þeir þurfa ekki að vera sjómenn til

þess. Hingað eiga allir að koma ef þá vantar vandaðan og öruggan sjóvinnufatnað á sanngjörnu verði,“ segir Ólafur.

## Allt á einum stað

Þorsteinn Finnbogason, markaðsstjóri Voot, segir að fram að þessu hafi Voot verið á heildsölumarkaði en með opnun verslunarinnar sé verið að leggja meiri áherslu á smásölumarkaðinn.

„Við erum með fimm sölu-menn og öll viðskipti hafa að mestu leyti farið í gegnum þá. Einn þeirra er Fannar Geir Ásgeirsson sem staðsettur er á Akureyri og mun hann sjá um markaðs- og sölustarfsemi á Norðurland- og Austurlandi í framtíðinni. Starfsemi þeirra hefur verið stjórnað frá Skarfabakkanum þar sem Voot hefur aðsetur í Hampiðjuhúsinu. Samstarfið hefur reynst

báðum aðilum vel og hefur opnað nýja möguleika fyrir félögin bæði hérlendis og erlendis. Með opnun verslunarinnar er samstarfið treyst enn frekar,“ segir Þorsteinn.

Í máli Þorsteins kemur fram að Voot veiti alhliða þjónustu, ekki bara við sjávarútveginn heldur allan almennan iðnað.

„Við erum að framleiða okkar

eigin vörur, s.s. fatnað, hreinlætisvörur og margar gerðir af einnota vörum. Við viljum ná betur til einrykja og smábátasjómannanna sem eru hópar sem við horfum sérstaklega til. Okkur hefur vantað verslun til að ná betur til þeirra og gera okkar vörur aðgengilegri fyrir þá. Þessir aðilar eru nú hjartanlega velkomnir til okkar og geta treyst því að fá allar útgerðarvör-

ur, traustan og öruggan vinnufatnað, hágæða hreinlætisvörur og aðrar rekstrarvörur á einum og sama staðnum,“ segir Þorsteinn Finnbogason, markaðsstjóri Voot.

voot.is  
hampidjan.is



■ Ólafur Benónýsson, verslunarstjóri og Þorsteinn Finnbogason, markaðsstjóri Voot.



■ Verslunin á Skarfabakka er í um 100 fermetra húsnæði.



■ Fatnaður, veiðarfæri og margs konar rekstrarvörur fyrir útgerðina. Allt á einum stað.



# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN OG FJÖLSKYLDUR



# KLÁRIR Í BÁTANA



**Tudor rafgeymar • Traust gæði í 40 ár**



Lokaðir Síru



Hleðslutæki

12 eða 24v í mörgum stærðum



Purrir AGM

**SKORRI**  
**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



# Víða blásið til hátíða um sjómannadagshelgina

Þó hátíðarhöld vegna sjómanna-dagsins séu ekki komin í fyrra horf vegna Covid-faraldursins þá verður víða um land mun meira í boði en var í fyrra þegar heita má að öllum sjómannahátíðarhöldum hafi verið aflýst. Skiplagðri dagskrá Hátíðar hafsins í Reykjavík og Sjóarans síkátá í Grindavík, sem verið hafa tvær stærstu hátíðirnar undanfarin ár hafði þó verið aflýst fyrir í vor. Hér á eftir fer yfirlit þeirra hátíða sem höfðu verið birt áður en blaðið fór í prentun en þá hafði verið einnig tilkynnt að hátíðarhöld yrðu t.d. í Neskaupstað innan þeirra marka sem samkomureglur heimila.

## Viðamikil dagskrá í Eyjum

Í Vestmannaeyjum verður löng sjómannadagshelgi frá fimmtudegi til sunnudags. Eftir verður meðal annars til golfmóts á föstudeginum, dorgveiðikeppni og skemmtidagskrá á Vigartorgi á laugardag en á sjálfan sjómanna-daginn verður m.a. afhjúpun minnisvarða um þá sem fórust í Pelagusslysinu, sjómannamessa og loks hátíðardagskrá á Stokkó þar sem aldnir sægarpar veðra heiðraðir, veitt verðlaun fyrir keppnir helgarinnar og loks flytur



■ Eliza Reid, forsetafrú verður aðal ræðumaður á sjómannadaginn í Vestmannaeyjum.

Eliza Reid, forsetafrú, hátíðar-ræðu dagsins. Sjómannadags-blaði Vestmannaeyja verður dreift í hús og yngri flokkar ÍBV annast merkjasölu dagsins.

## Fjöldi skemmtikrafta í Ólafsfirði

Sterk hefð er fyrir hátíðarhöldum í Ólafsfirði og þar stendur hátíðin frá föstudegi til sunnudagskvöld. Af viðamikilli dagskrá má nefna leirdufuskotmót sjómanna, dorgveiðikeppni fyrir börnin, kappróður, þrautakeppni og truckadrátt, knattleik sjómanna og ýmislegt fleira á laugardag. Á sunnudaginn



■ Ari Eldjárn og margir aðrir lands-kunnir skemmtikraftar verða á dagskránni í Ólafsfirði um sjómannadagshelgina.

hefst dagskrá með skrudgöngu frá hafnarvog að Ólafsfjarðarkirkju en í hátíðarmessu dagsins verða sjómenn heiðraðir. Fjölskylduskemmtun verður við Tjarnarborg kl. 13.30 þar sem koma fram Ingó veðurguð, Pétur Jóhann, Ari Eldjárn, Auddi og Steindi. Kaffisala Slysavarnardeildar kvenna verður í Tjarnarborg kl. 14-17 en kl. 19 hefst árs-hátíð sjómanna í íþróttahúsinu þar sem áður nefndir listamenn og skemmtikraftar koma fram.



■ Páll Óskar, Helgi Björn og Reiðmenn vindanna verða meðal skemmtikrafta á Patreksfirði.

## Lotta, Helgi Björns og Páll Óskar á Patreksfirði

Að vanda verður mikið um dýrðir á Patreksfirði í tilefni sjómanna-dagsins. Þar hefst hátíðin strax á fimmtudag með hlaupi, götugrillum og uppistandi Péturs Jóhanns. Af dagskrá föstudagsins má nefna sýningu Leikhópsins Lottu, sýningu myndefnis frá Patreksfirði sem tekið var árið 1968 og sýningu sem ber yfirskriftina Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn. Um kvöldið verða tónleikar með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna.

Enn færast fjör í leikinn á laug-ardeginum þegar verða golfmót, fjallganga, dorgveiðikeppni, kókubasar, málverkasýning, sveitamarakaður og loks bryggjuball með Páli Óskari. Sjómannamessa verður að morgni sjómannadagsins þar sem sjómenn verða heiðraðir. Skrudganga verður að messu lokinni að minnisvarða sjómanna. Síðar um daginn verður tófraskóli Einars Mikæls fyrir börnin og sýningar helgarinnar opnar.

Til hamingju með daginn sjómenn!


Marport óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

**MARPORT**

MARPORT.COM

ICELAND USA SPAIN NORWAY FRANCE SOUTH AFRICA





# ÞEGAR SÓTTVARNIR BJARGA LÍFUM

*Íslenskir sjómenn  
til hamingju með daginn*

Jafnframt óskum við áhöfnum  
og útgerðum þessara skipa  
til hamingju með  
D-TECH sóttthreinsikerfin.




D-TECH bætir vinnuumhverfi  
sjómanna, stuðlar að auknum  
gæðum og auðveldar öll þrif.


D-TECH EHF - URÐARHVARFI 14  
201 KÓPAVOGUR  
Söluráðgjöf: oli@d-tech.is  
ragnar@d-tech.is  
www.d-tech.is

**D-TECH**  
hygiene solutions





■ Nýi neminn í Marport Pro línunni mun sameina virkni hleranema og hlerasjár.



■ Skjáskot af Trident á veiðum með karfaflottrolli. Þessi nýi nemi hefur einnig verið prófaður á kolmunnaveiðum nú í vor.

## Veiðarfæranemaframleiðandinn Marport

# Fyrstu nemarnir í nýja vörulínunni Marport Pro kynntir fyrir árslok

Fyrstu veiðarfæranemarnir í nýrri vörulínu Marport ehf. líta dagsins ljós síðar á árinu en línan hefur fengið nafnið Marport Pro. Um er að ræða þróun á nýjungum í veiðarfæranemum sem hugsadur eru fyrir þarfir stórra notenda en eftir sem áður verða allir þeir nemi í boði sem Marport framleiðir í dag.

### Tveir nemi sameinaðir í einn öflugan

„Við áformum að vera komnir af stað með Marport Pro línuna í lok ársins en þarna erum við að þróa

nema sem sér í lagi eru miðaðir að kröfuhörðu umhverfi líkt og er í togveiðum hér á landi,“ segir Axel Óskarsson, tæknistjóri Marport. Fyrsti nemiinn í Marport Pro línunni verður nemi sem kallast „Door Explorer“ en í honum hefur verið sameinuð virkni úr hefðbundnum hleranema og svokallaðri hlerasjár.

„Með „Door Explorer“ geta notendur í einum og sama nemnum fengið upplýsingar um fjarlægð hlera eða fjarlægð á milli hlera og lóðs ef veitt er með fleiri en eitt troll. Neminn gefur einnig

upplýsingar um dýpi, hitastig sjávar, halla hlera, staðsetningu, ásamt því að gefa endurvarpsmynd með upplýsingum um hæð frá botni. Notkunarvið nemans verður þar af leiðandi mjög vítt og hagræði af því fyrir notandann að fá þessar upplýsingar í gegnum einn og sama nemann,“ segir Axel.

### Höfuðlínumælirinn Trident í prófunum

Annað áhugavert tæki í Marport Pro línunni ber nafnið Trident eftir þríforki gríska guðsins Póseidon,

guðs hafsins, linda og vatna. Axel segir nemann vera nýja nálgun í höfuðlínumælum.

„Trident er fjögurra geisla höfuðlínumælir sem við erum í fyrstu útgáfu að þróa fyrir flottroll en síðan komum við til með að þróa nema út frá sömu hugmyndafræði fyrir botntroll. Við höfum verið með Trident nemann í prófunum á kolmunnaveiðum nú í vor með góðum árangri og höfum einnig prófað hann á úthafskarfaveiðum auk þess sem búaðurinn hefur verið prófaður á fiskveiðum í Biskajaflóa. Við kom-

um til með að bjóða báða þessa nema í Marport Pro línunni fyrir árslok en síðan munum við halda áfram nýsköpun og þróun í þeirri línu á komandi árum, sérstaklega með þarfir stórra notenda huga,“ segir Axel.

marport.com

## Hágæða vörur fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn í yfir 30 ár



HNÍFALOKAR · RENNILOKAR · SPJALDLOKAR · KEILULOKAR · SÍÐULOKAR  
BOTNLOKAR · EINSTEFNULOKAR · KÚLULOKAR · SÍUR · RENNSLISMÆLAR

**VK** vörukaup

Metnaður og þjónusta í þína þágu

LAMBHAGAVEGI 5 · 113 REYKJAVÍK · SÍMI 516-2600 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is





*Gleðilega  
sjómannaðagshátíð!*

**AUÐLINDIN**

**ÆGIR**

**RITFORM**



# Reddaðist í lok vertíðar

rætt við Brynjar Kristmundsson, skipstjóri á Steinunni SH



■ Brynjar Kristmundsson, skipstjóri á Steinunni SH, fylgist með úr brúarglugganum.

„Vertíðin í vetur gekk bara vel. Tíðin var nokkuð góð og aflinn mikill. Það var að vísu einn ljóður á þessu. Mikil ýsugengd sem gerði okkur erfiðara fyrir. En „fæðingororlofið“ í lok vertíðar reddaði okkur.“ Þá fór að verða minna um ýsuna í kantinum hjá okkur eða brúninni og við fórum að fá meira af þorski,” segir Brynjar Kristmundsson á Steinunni SH en hann hefur verið með bátinn á dragnót síðan 1994.

Hann áætla að aflinn á vertíðinni hafi verið 1.200-1.300 tonn. „Í síðustu 20 róðrunum með rúm 600 tonn. Og á fiskveiðiarinu erum við komir með um 1.600 tonn. Ætli mesti aflinn í róðri hafi ekki farið upp í um 50 tonn. Það er alveg ágætis róður. Nú er Steinunn komin í slipp í Njarðvíkunum í hefðbundni viðhald og eftirlit. Það er alltaf eitthvað smotteri sem þarf að gera.“

## Fiskurinn seldur á mörkuðum

Á Steinunni eru 10 í áhöfn svo það nóg að gera hjá körlunum að blóðga og ganga frá fiskinum en honum er landað átta til tíu tíma gömlum. Alveg úrvals hráefni.

„Þetta fer allt á markað hjá okkur. Við höfum selt á mörkuðum alveg frá því við byrjuðum á þessu. Verðin í vetur hafa bara verið nokkuð þokkaleg þrátt fyrir Covid. Við höfum séð þau verri. Verðið dettur reyndar alltaf niður þegar kemur fram í síðari hluta marsmánaðar og mikið fer að berast að. En verðið var ekkert verra en það hefur verið, jafnvel eitthvað skarra en í fyrra. Það er bara framboðið sem ræður verðinu.“

## Skil ekki að hægt sé að gera út á kvótaleigu

Brynjar er með dragnótina að mestu í Breiðafirðinum allt árið en síðustu ár hafa þeir reyndar verið fyrir vestan á haustin. Byrjað þar í september og verið fram í endaðan nóvember.

„Svo höfum við byrjað heima í janúar. Reyndar fórum við ekkert vestur í fyrra en það var fyrsta árið í áratugi sem við höfum ekki farið vestur. Við stoppum svo alltaf á sumrin, höfum verið að stoppa upp úr fimmtánda maí en vorum nú að viku lengur. Ég hélt reyndar að við yrðum ekki búnir fyrr en fyrirpartinn í júní en þetta gekk bara svo vel í restina hjá okkur að við kláruðum það sem við ætluðum okkur. Við klárum venjulega kvótann í maí og erum ekkert að leiga til okkar nema þá í skiptum, þorsk fyrir eitthvað annað til dæmis. Ég skil



■ Góður þorskaflí á dragnótinni.



■ Brynjar hefur gert Steinunni SH út frá árinu 1990.



■ Vertíðin gekk vel í vetur en mikil ýsa gerði erfitt fyrir allt þar til undir það síðasta.

ekki að það sé hægt að gera út á kvótaleigu en menn gera þetta samt. Ég vil ekki gera slíkt og hef ekki gert. Ég hef hins vegar verið að auka aflaheimildirnar með kaupum á aflahlutdeild eftir því sem efni hafa verið til.“

## Á að taka það af okkur sem við höfum keypt?

En hvað segir Brynjar um fiskistjórnunina? Er hann sáttur við hana?

„Hvenær er maður sáttur og hvenær ósáttur? Við höfum búið við þetta kerfi í langan tíma og verðum að vinna með því. Við eigum ekki kost á öðru og hvort eitthvað annað og betra eigi eftir að taka við veit ég ekki. Ég verð vonandi hætta ef

að því kemur að það eigi að taka kvótann af okkur og bjóða okkur hann svo aftur til kaups á uppboði. Við erum búnir að berjast í því að kaupa veiðiheimildir til að fá að nýta þær samkvæmt gildandi lögum. Það verður þá að sýna mér hvernig á bæta það sem af okkur verður tekið og við höfum keypt. Það gengur ekki að taka þetta af okkur og senda okkur svo til Spánar. Það verður að sýna okkur fram á hvað við eigum að fá í staðinn,” segir hann.

## Byrjaði sem háseti á fermingarárinu

Hvernig sem allt fer segir Brynjar að það fari að stytta í að hann hætti í útgerðinni.

„Ég byrjaði í þessu sem háseti árið 1966, árið sem ég fermdist, á bát með

pabba. Síðan fór ég að leysa hann af og varð skipstjóri um 1972. Svo kemur að því að ég kaupði þennan bát, Steinunni, árið 1990 og þar hef ég verið síðan. Við erum búnir breyta henni nánast allri á þessum tíma. Setja á hana gafl að aftan, skipta um brú og endurnýja allt niðri líka. Þetta var á þeim tíma sem þurfti tonn á móti tonni í úreltingu ef þú ætlaðir þér að kaupa nýtt skip. Við höfðum engin efni á því og fórum því þá leið stækka og laga skipið. Þetta er því finasti bátur miðað við aldur og hefur alltaf verið vel við haldið,” segir Brynjar Kristmundsson.





# Handfæravörur

## Öflug þjónusta og gott vöruúrval

Minum á öfluga þjónustu Ísfells og gott úrval af vörum til handfæraveiða.  
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

**Þökkum samstarf liðinna ára og sendum sjómönnum  
og fjölskyldum þeirra heillaóskir í tilefni dagsins.**


Óseyrarbraut 28, Hafnarfjörður  
s: 5 200 500, isfell@isfell.is, isfell.is



**ÍSFELL**  
Pekking og þjónusta



# Til hamingju með daginn sjómenn!



## Við tökum þjónustuna alla leið

Það er okkur sönn ánægja að bjóða nú upp á enn betri þjónustu með nýrri og öflugri vefverslun N1 sem nýtist sjómönnum og útgerðarfyrirtækjum hvort sem er á sjó eða í landi. N1 sendir hamingjuóskir í tilefni sjómanna dagsins og þakkar fyrir ánægjuleg samskipti alla leið!

440 1000 n1.is

**N1** ALLA LEIÐ